Ysinn þagnar og hljóðna svör.



## Bræðrakveðja

Freysteinn Gunnarsson

(Liðinn er dagur)

Ísólfur Pálsson, 1923

Radds.: Páll Ísólfsson, 1925

Moderato

Lið - inn er dag - ur, og kvölds-ins óm-ar kall - a, kem-ur húm - ið með

*mf sempre dolce*

draum - a val. Nátt-skugg-inn læð - ist og vefst um allt og all - a. Auðn-in

grúf - ir í hljóð-um sal. Síð - ast - a skar - ið bloss-ar upp og brenn-ur.

*p sostenuto*

Bros og hlát-ur dvín - ar á þreytr - i vör. Sam - ver - u - stund - in til

*cresc.* *rit.*

end - a óð - um renn-ur. Ys - inn þagn - ar og hljóðn - a svör.

*dim.*

# Bræðrakveðja

(Liðinn er dagur)

Freysteinn Gunnarsson

Ísólfur Pálsson, 1923

Radds.: Páll Ísólfsson, 1925

Moderato

Sóló

Píanó

Lið - inn er dag - ur, og kvölds - ins óm - ar  
 kall - a, kem - ur hóm - ið með draum - a val.  
 Nátt - skugg - inn læð - ist og vefst um allt og  
 all - a. Auðn - in grúf - ir í hljóð - um sal.

## (Bræðrakveðja-2)

Síð - ast - a skar - ið bloss - ar upp og brenn - ur.

*Sempre dolce e-p*

Bros og hlát - ur dvín - ar á þreytr - i

vör. Sam - ver - u - stund - in til end - a óð - um

renn - ur. Ys - inn þagn - ar og hljóðn - a svör.

## Kvöld / Kveldljóð

(Til viðar sól er sigrin)

Freysteinn Gunnarsson

Ísólfrur Pálsson, 1932

Adagio

Til við - ar sól er sig - in og senn er kom - in nótt, að

hauðri' er dag - ur hnig - inn og hníp - inn kveð - ur drótt. En hljótt í blám - a

birt - ir, þar blik - ar stjörn - u - fjöld, því aldr - ei svo að syrt - ir að

sigr - i myrkr - a - völd. Það guð oss hef - ur gef - ið hans gæska' er jafn - an

vís, að eft - ir skugg - a - skref - ið dag - ur skær að morgn - i rís.

## Haust

Ísólfr Pálsson

(Nú hnígur sól)

Ísólfr Pálsson, 1936

Radds.: Páll Ísólffsson

Andante

Nú hníg-ur sól að blá-um út-hafs-bár-um í bleik-um geisl-um

hinst-a sum-ar-kvöld. Í austr-i ský-in tær-um grát-a tár-um en tindr-a

ljós-in, dreifð um him-in-völd. Ó, hvað er bjart-ar sól á sum-ar-deg-i,

margt í ljósr-ar næt-ur kyrrð? Enn-þá vér sjá-um opn-a, víð-a

veg-i, oss veg-semd guðs er sýnd - að nokkr-u skýrð. Nú löng mun

bið, að aft-ur sjá-um eig-i, þá ynd-is-fögr-u sól-ar-geisl-a dýrð.

# Mon Nogen dadle vil

Ludvig E. Kaaber, 1927

"Til min kære Lærer og Mester  
i "Edda", Herr. L. Kaaber"

Ísólfur Pálsson, 1928  
Radds.: Páll Ísólfsson

Commodo

Mon No - gen dad - le vil den Mand, der kom - mer fra Dan - marks

grøn - ne Lund ved Ø - re - sund, men gri - bes så af Is - lands lys - e

Som - mer hvor bå - de Dag og Nat har Guld i Mund. Hvor Vin - ter -

- nat - tens Mør - ke Nord - lys spre - de med Strå - le - glans som Eng - les Flam - me -

sværd, der ma - ner os til man - dig Kamp her ne - de mod Mør - kets

## (Mon Nogen dadle vil-2)

Mag - ters sto - re, stær-ke Hær! Der ma-ner os til man-dig Kamp her

ne - de mod Mør-kets Mag - ters sto - re, stær-ke Hær!

## MON NOGEN DADLE VIL

Mon Nogen dadle vil den Mand, der kommer  
 fra Danmarks grønne Lund ved Øresund,  
 men gribes så af Islands lyse Sommer  
 hvor både Dag og Nat har Guld i Mund.  
 Hvor Vinternattens Mørke Nordlys sprede  
 med Stråleglans som Engles Flammesværd,  
 der maner os til mandig Kamp her nede  
 mod Mørkets Magters store, stærke Hær!  
 (skv. frumhandriti LEK)

# Rökkurró

(Í kvöld, þegar ysinn er úti)

Freysteinn Gunnarsson <sup>1)</sup>  
Ísólfr Pálsson <sup>2)</sup>

Ísólfr Pálsson, 1939

Commodo

1. Í kvöld, þeg-ar ys-inn er út - i og ann-rík-ið hverf-ur og dvín, þá

kom - um við sam - an og syngj - um uns Sjö-stjarna'n á himn - in - um skín.

## RÖKKURRÓ <sup>1)</sup>

Í kvöld, þegar ysinn er úti  
og annríkið hverfur og dvín,  
þá komum við saman og syngjum  
uns Sjöstjarna'n á himninum skín.

Því andinn á heiðríkan himinn  
í hvíld eftir stormþungan dag.  
Og allt sem er göfugt til gleði,  
það geymist í söngvum og brag.

Þó vind svalur vetur sé úti  
og vorblíðan langt suðu'r í geim  
þá syngjum við sólskin í bæinn  
og sumarið til okkar heim.

(F.G.)

## RÖKKUR <sup>2)</sup>

Er húmar og hallar af degi  
og harðviðrið nærir um sveit  
þá fegurri finnum við eigi  
en friðsaman heimilisreit.

Þar á hún sér verustað valinn  
hin veglega mannúðin kær  
með smávin í fanginu falinn  
er fanndrifið þekjuna slær.

Er utan að kennum við kælu  
við kynnumst þar aðeins um stund.  
Í rökkrunu' um sumar og sælu  
við syngjum og góðvinafund.

(Í.P.) (3/10)



# Það árlega gerist

Hallgrímur Jónsson

Ísólfur Pálsson, 1906  
Radds.: Páll Ísólfsson

Lento

1. Það ár - leg - a ger - ist að rós - ir í runn - um roð - a sinn

*p dolce*

miss - a og föln - a af snæ. Og dag - leg - a því, sem vér eig - um og

*cresc.*

unn - um, ör - lag - a - norn - ir - ar kast - a á glæ.

The musical score is written for voice and piano. It consists of three systems of music. The first system begins with the tempo marking 'Lento' and the dynamic marking 'p dolce'. The second system includes the dynamic marking 'cresc.'. The third system ends with a double bar line. The piano accompaniment features a steady bass line and chords that support the vocal melody. The vocal line is in a soprano range and includes various melodic ornaments and phrasing.

## ÞAÐ ÁRLEGA GERIST

Það árlega gerist að rósir í runnum  
roða sinn missa og fölna af snæ.  
Og daglega því, sem vér eigum og unnum,  
örlaganornirnar kasta á glæ.

En frækornið lifir í frosti og skugga,  
fær aftur þroska með vorsólaryl.  
Þótt atvikin særi mun eilífðin hugga,  
allt er á flughraða draumlandsins til.

(úr *Fjólu*, bls. 5)

# Það árlega gerist

Hallgrímur Jónsson

Ísólfr Pálsson, 1906

Radds.: Sigurður Þórðarson

Lento

1. Það ár - leg - a ger - ist að rós - ir í runn - um roð - a sinn

miss - a og föln - a af snæ. Og dag - leg - a því, sem vér

eig - um og unn - um, ör - lag - a - norn - irn - ar kast - a á glæ.

The musical score is written for piano in 2/4 time, with a key signature of two flats (B-flat and E-flat). It consists of three systems of music. Each system has a vocal line (treble clef) and a piano accompaniment (bass clef). The lyrics are written below the vocal line. The first system covers the first line of lyrics, the second system covers the second line, and the third system covers the third line. The piano accompaniment features a steady eighth-note pattern in the right hand and a more active bass line in the left hand.

## ÞAÐ ÁRLEGA GERIST

Það árlega gerist að rósir í runnum  
roða sinn missa og fölna af snæ.  
Og daglega því, sem vér eigum og unnum,  
örlaganornirnar kasta á glæ.

En frækornið lifir í frosti og skugga,  
fær aftur þroska með vorsólaryl.  
Þótt atvikin særi mun eilífðin hugga,  
allt er á flughraða draumlandsins til.  
(úr *Fjólu*, bls. 5)

# Tinda fjalla ég sé alla

Jón Thoroddsen

Ísólfur Pálsson  
Radds.: Páll Ísólfsson

Tind - a fjall - a eg sé all - a upp úr sjá, hamr - a -

stall - a og björg - in blá; hvít - a skall - a hrein - an

mjall - a hrísl - ar geisl - um á sunn - a sæv - i frá.

## TINDA FJALLA

Tinda fjalla ég sé alla upp úr sjá,  
hamrastalla og björgin blá;  
hvítu skalla hreinan mjalla hríslar geislum á  
sunna sævi frá.

# Sumarnótt

(Ég fór um næturfagra stund)

Ísólfur Pálsson

Ísólfur Pálsson, 1899

Radds.: A. Lundh

Andantino

1. Ég fór um næt - ur - fagr - a stund um fríð - a grund til dal - a, því

hug-mynd blíð mér lék í lund um líf - ið fjall - a - sal - a. Þar glitr-uð-u daggir sem

gló-and-i ljós, það glóði' á hverr-i fjólu' og rós er nut - u næt - ur sval - a en

hljóð-leg-a sam-an hjal - a þeir fugl-ar, í grein-um, sem þar líf sitt al - a.

## SUMARNÓTT

Ég fór um næturfagra stund  
 um fríða grund til dala,  
 því hugmynd blíð mér lék í lund  
 um lífið fjallasala.  
 Þar glitruðu daggir sem glóandi ljós,  
 það glóði' á hverri fjólu' og rós  
 er nutu nætur svala  
 en hljóðlega saman hjala  
 þeir fuglar, í greinum, sem þar líf sitt ala.  
 (1/4)

# Hin dimma, grimma hamrahöll

Gísli Brynjólfsson

Ísólfr Pálsson  
Raddsi.: Sigurður Þórðarson

*Maestoso*

T I  
II

Karлакór

B I  
II

*Maestoso*

Píanó

*mf*

4

*sva*

*f*

3

*svb*

8

1. Hin dimm-a, grimm-a hamr-a-höll og

*loco*

*rit.*

*a tempo*

7

*loco*

## (Hin dimma, grimma hamrahöll - 2)

11  
8  
hol - skefl - ur á sæ, og norð - an - vind - ar, nak - in fjöll, sem

*cresc.*

15  
8  
nötra' í kuld - a - blæ, og norð - an - vind - ar, nak - in fjöll, og norð - an -

*mf*

19  
8  
vind - ar, nak - in fjöll, sem nötra' í kuld - a - blæ.

*rit. dim.*

*f*

## (Hin dimma, grimma hamrahöll - 3)

23 *rit.* *a tempo*

8 *mf* Það hresst-i mest um gljúfr - a

23 *rit.* *a tempo* Það hressti' um gljúfr-a

*mf*

26 *rit.*

8 grund, það hresst-i mest um gljúfr - a grund *f* og gladd - i hug - a

26 grund, það hressti' um gljúfr-a grund *rit.*

*p* *mf*

30

8 minn, *mf* og gladd-i hug - a minn, *p* *mf*-en

- en þó, - en þó,

30 *p*

## (Hin dimma, grimma hamrahöll - 4)

35 *meno mosso*

*dolce* þó er fjól - an fóst í lund, - en þó er fjól - an fóst í

*dolce*

35 *meno mosso*

40 *rit.*

*p* lund mér féll oft tár um kinn, *pp* mér féll oft tár um kinn.

*p* *pp*

40 *rit.*

*p* *pp*

45 **Tempo I**

45 **Tempo I**

*p* *cresc.* *f*



## (Hin dimma, grimma hamrahöll - 5)

49 *rit. a tempo*

*mf*

2. Að rið - a hátt um hamr - a - dal og hlusta' á arn - ar -

54 *a tempo*

*mf*

klið og fák - i renna' um fjall - a - sal og

57

8 foss - a hlýð - a nið, og fák - i renna' um fjall - a -

*(8va)*

57

*(8vb)*

## (Hin dimma, grimma hamrahöll - 6)

60

sal, og fák - i renna' um fjall - a - sal og foss - a hlýð - a

60

64

nið *mf* mÉR betr - a

64

*mf*

67

*mf* þótt - i öll - um auð, mÉR betr - a þótt - i öll - um auð, það mÉR betr - a þótt - i auð, mÉR betr - a þótt - i auð, *dolce*

67

## (Hin dimma, grimma hamrahöll - 7)

71

8 æst - i hug - a minn, en

það æst - i hug - a minn,

*p*

76

8

*meno mosso*

*p dolce*

þá, en þá, en þá er deyð - i rós - in rauð, en þá er deyð - i

*p dolce*

*meno mosso*

*p dolce*

80

8

*ten.*

*pp*

rós - in rauð mér rann oft tár um kinn, mér rann oft tár um

*ten.*

*pp*

*rit.*

*rit.*

## (Hin dimma, grimma hamrahöll - 8)

85 **Tempo I**

kinn.

85 **Tempo I**

*p* *cresc.*

88 *rit.* *a tempo*

*f*

3. Að bíð - a

88 *rit.* *a tempo*

*f*

3

92

þess, sem boð - ið er, hvort blítt er eð - a strangt, og hvað sem

92

## (Hin dimma, grimma hamrahöll - 9)

96  
8  
helst að hönd - um ber, að hop - a ald - rei langt, og hvað sem

*cresc.*

96  
*cresc.*

8vb

100  
helst að hönd - um ber, og hvað sem helst að hönd - um ber, að

100

104  
8  
hop - a ald - rei langt, en stand - a

104

## (Hin dimma, grimma hamrahöll - 10)

108

8

eins og fold - gnátt fjall, *f* en stand-a eins og fold-gnátt fjall í

112

8

*dim.* frer - um all - a stund, *mf* í frer - um all - a stund, hve mörg sem

116

8

á því skrugg - an skall, hve mörg sem á því skrugg - an skall, *f* sú skyld - i karl-manns-

## (Hin dimma, grimma hamrahöll - 11)

12) 8 lund. *ff* *rit.* sú skyld-i karl - manns - lund.

12) *ff* *rit.*

## HIN DIMMA, GRIMMA HAMRAHÖLL

Hin dimma, grimma hamrahöll  
 og holskeflur á sæ,  
 og norðanvindar, nakin fjöll,  
 sem nötra' í kuldablæ.  
 Það hresti mest um gljúfragrund  
 og gladdi huga minn; -  
 en þó er fjólan fórst í lund  
 mér féll oft tár um kinn.

Að ríða hátt um hamradal  
 og hlusta' á arnarklið  
 og fáki renna' um fjallasal  
 og fossa hlýða nið  
 mér betra þótti öllum auð,  
 það æsti huga minn; -  
 en þá er deyði rósin rauð -  
 mér rann oft tár um kinn.

Að bíða þess, sem boðið er,  
 hvort blítt er eða strangt,  
 og hvað sem helst að höndum ber,  
 að hoga aldrei langt,  
 en standa eins og foldgnátt fjall  
 í frerum alla stund,  
 hve mörg sem á því skruggan skall, —  
 sú skyldi karlmannslund.

# Sönn ást

(Ást til guðs og góðra manna)

Brynjúlfur Jónsson  
(frá Minna Núpi)

Ísólfulur Pálsson, 1898  
Radds.: A. Lundh

Commodo

1. Ást til guðs og góðr - a mann - a gleði' og þrosk - a fyll - ir sál.

Ekk - ert nem - a ást - in sann - a eyð - ir beiskju' úr harm - a skál.

## SÖNN ÁST

Ást til guðs og góðra manna  
gleði' og þroska fyllir sál.  
Ekkert nema ástin sanna  
eyðir beiskju' úr harma skál.

Ekki leitar ástin sanna  
eftir neinu sér í vil,  
eflir heillir ástvinanna,  
öllu vill hún kosta til.

Veglegust og æðst af öllu -  
elska sú ei neinum brást -  
Guðleg sól frá himna höllu  
helg og skær er móður ást.  
(úr Fjólu, bls. 11)



# Til sönggyðjunnar

(Þú söngsins ljúfa listadís)

Brynjólfur Jónsson  
(frá Minna Núpi)

Ísólfur Pálsson, 1897  
Radds.: A. Lundh

Moderato Þú

The musical score is written for voice and piano. It begins with a treble clef, a key signature of one sharp (F#), and a 6/8 time signature. The tempo is marked 'Moderato'. The piano part starts with a piano (*p*) dynamic, followed by a mezzo-forte (*mf*) dynamic. The voice part enters with the lyrics: 'Þú söngs - ins ljúf - a list - a - dís, ég leik við þín - a arm - a, þann feg - urst - an mér fögn - uð kýs og fyllst - ar bæt - ur harm - a.' The score includes dynamic markings (*p*, *mf*) and a crescendo hairpin in the piano part.

söngs - ins ljúf - a list - a - dís, ég leik við þín - a arm - a, þann  
feg - urst - an mér fögn - uð kýs og fyllst - ar bæt - ur harm - a.

## TIL SÖNGGYÐJUNNAR

Þú söngsins ljúfa listadís,  
ég leik við þína arma,  
þann fegurstan mér fögnuð kýs  
og fyllstar bætur harma.

## SÖNGLISTIN

Þá tónaríkan tangent slæ  
mín tendrar lífsvon bjarta.  
Því enga'n ég betri unað fæ,  
ég elska hana' af hjarta.

(Guðmundur Guðmundsson – bóksali, Eyrarbakka)  
[handritabindi nr. 4, bls. 34]

# Draumur hjarðsveinsins

(Í birkilaut hvíldi ég)

Steingrímur Thorsteinsson

Ísólfur Pálsson, 1904

Radds.: A. Lundh

Moderato

1. Í birk - i - laut hvíld - i ég bakk - an - um á. Þar bun - að - i

smá - lækj - ar spræn - a. Mig dreymdi' að í sól - skin - i

sæt - i ég þá hjá smá - mey við kot - bæ - inn græn - a.

## DRAUMUR HJARÐSVEINSINS

Í birkilaut hvíldi ég bakkanum á.  
Þar bunaði smálækjar spræna.  
Mig dreymdi að í sólskini sæti ég þá  
hjá smámey við kotbæinn græna.

Loks hneigir hún andlitið ofan að mér  
svo ilmblæ af vörum ég kenni.  
Ó, fagnaðar yndi hve farsæll ég er.  
Nú fæ ég víst kossinn hjá henni.

Og hóglega í draumnum með höfuð ég lá  
í hnjám hinnar fríðustu vinu.  
Og ástfanginn mændi ég í augun hin blá  
sem yfir mér ljómandi skinu.

En rétt þegar nálgadist munnur við munn,  
að meynni var faðmur minn snúinn,  
þá flaug hjá mér þröstur svo þaut við í runn  
og þar með var draumurinn búinn.

Úr fíflum og sóleyjum festar hún batt.  
Þær fléttur hún yfir mig lagði.  
Þá barðist mér hjartað í brjóstinu glatt  
en bundin var tungan og þagði.

# Vögguvísa

(Fuglinn sefur suðrí mó) <sup>1)</sup>

(Sov du, sov du lille "Liv") <sup>2)</sup>

Freysteinn Gunnarsson <sup>1)</sup>

David Östlund <sup>2)</sup>

Ísólfrur Pálsson, 1904

Radds.: A. Lundh

Semplice

1. Fugl - inn sef - ur suðr - í mó, sef - ur kisa' í værð og ró,  
sef - ur, sef - ur dúf - an. Sofð - u lík - a sætt og rótt,  
sofð - u vært í all - a nótt, sofð - u, litl - a ljúf - an.

## VÖGGUVÍSA

Fuglinn sefur suðrí mó,  
sefur kisa' í værð og ró,  
sefur, sefur dúfan.  
Sofðu líka sætt og rótt,  
sofðu vært í alla nótt,  
sofðu, litla ljúfan.

(Freysteinn Gunnarsson)

(úr Fjólu, bls. 13)

## SOV DU, SOV DU LILLE LIV

Sov du, sov du lille Liv.  
Verdens uro strid og kiv  
ej skal nå dit øre.

Englerne dig vogte vil  
deres harpes skønne spil  
du i drømme høre.

(David Östlund)

## Fjólan

Freysteinn Gunnarsson

Ísólfrur Pálsson, 1912  
Radds.: Páll Ísólfrsson

Semplice

1. Fjól - u blá - a, fríð - a, smá - a feg - urst sá ég blóm á

grund. Hátt í ská - um hlíð - ar - flá - a henn - i sá - ir drott - ins mund.

## FJÓLAN

Fjólu bláa, fríða, smáa  
fegurst sá ég blóm á grund.  
Hátt í skáum hlíðarfláa  
henni sáir drottins mund.

## Fjólan

Freysteinn Gunnarsson

Ísólfrur Pálsson, 1912  
Radds.: Páll Ísólfrsson

Semplice

Solo

1. Fjól - u blá - a, fríð - a, smá - a feg - urst sá ég blóm á

Píanó

*p*

grund. Hátt í ská - um hlíð - ar - flá - a henn - i sá - ir drott - ins mund.

# Við fossinn

(Ég man þegar sá ég þig)

Ísólfrur Pálsson

Ísólfrur Pálsson, 1902  
Radds.: A. Lundh

Semplice

1. Ég man þeg-ar sá ég þig, sí - græn-a lilj - a, við suð-and-i foss - inn í

hyl - dýp-is - gjá. En við - sjál mér þótt - i hin kvik - blá-a kylj - a, ég komst ekk-i

til þín en vild - i þér ná, ég komst ekk-i til þín en vild - i þér ná.

## VIÐ FOSSINN

Ég man þegar sá ég þig, sígræna lilja,  
við suðandi fossinn í hyl dýpissjá.  
En viðsjál mér þótti hin kvikbláa kylja,  
:,:ég komst ekki til þín en vildi þér ná.::

Það var sem þú litir mig leiftrandi augum  
er löngun mér vöktu og dáyndisþrá.  
Þín speglaðist feðurð í ljósgeislalaugum  
:,:er léku í úðanum berginu hjá.::

(2/7)

## Haust

(Nú þagna lóuljóðin)

Freysteinn Gunnarsson <sup>1)</sup>  
Ísólfur Pálsson <sup>2)</sup>Ísólfur Pálsson, 1906  
Radds.: A. Lundh

Andante

1. Nú þagn - a ló - u - ljóð - in, þær líð - a burt um höf, er  
*dolce*

dvín - ar dags - ins glóð - in og dökkn - a skýj - a - tröf. En haust - blær hél - u  
*mf*

and - ar í húmi' á græn - an svörð. Og hrím - ið grös - um grand - ar þeg - ar  
*pp*

grúf - ist nótt á jörð. (Millispil)

HAUST <sup>1)</sup>

Nú þagna lóuljóðin, þær líða burt um höf,  
 er dvínar dagsins glóðin og dökkna skýjatröf.  
 En haustblær hélu andar í húmi' á grænan svörð.  
 Og hrímið grösum grandar þegar grúfist nótt á jörð.

Eins haustar mér í huga og hljóðna sumarljóð  
 því böll vill gleði buga er bliknar dagsins glóð.  
 Ég hlusta' á hinsta óminn uns hljóðnar fuglsins raust  
 og dapra dauðahljóminn kveður dimmt og geigvænt haust.

LÓAN KEMUR <sup>2)</sup>

Ég heyri ljóð þín lóa  
 í ljósum himingeim.  
 Þú flytur vorið frjóa  
 og fögnuð til mín heim  
 og veðrið bjarta, blíða  
 sem blik á vængjum tveim,  
 að milda' hinn stranga' og stríða  
 vetrarstorm og kuldahreim.

(Ís.P.) (1/3)

# Tímarnir líða

Freysteinn Gunnarsson

Ísólfrur Pálsson, 1906

Andante Sostenuto

Tím - arn - ir líð - a sem hverf - and - i hvel, hug - ur - inn

reik - ar til kom-and - i tíð - a. Eng - inn má vit - a, hvað vor kann -

a að bíð - a, verm - and - i sól eð - a bitr - ast - a él.

## TÍMARNIR LÍÐA

Tímarnir líða sem hverfandi hvel,  
 hugurinn reikar til komandi tíða.  
 Enginn má vita, hvað vor kanna að bíða,  
 vermandi sól eða bitrasta él.  
 (úr *Fjólu*, bls. 27)



# Á mykraslóð

Freysteinn Gunnarsson

Ísólfr Pálsson, 1900  
Radds.: Páll Ísólfsson

Adagio

1. And - vök - u - næt - ur einm - an - a græt - ur út - læg - ur

hug - ur á mykr - ann - a slóð. Heitt þrá - ir and - i

ljós yf - ir land - i, leiftr - and - i bjarm - ann af ár - sól - ar -

glóð. Mann - heim - ur vill - ist á mykr - ann - a slóð.

## Á MYKRASLÓÐ

Andvökunætur einmana grætur  
útlægur hugur á mykranna slóð.  
Heitt þráir andi ljós yfir landi,  
leiftrandi bjarmann af ársólarglóð.  
Mannheimur villist á mykranna slóð.

Líður að óttu, langt er af nóttu,  
ljósvana' í mykrunum draumstola þjóð  
vakir og biður, bíður uns friður  
birtist í árroðans skínandi glóð.  
Mænir til ljóssins af mykranna slóð.  
(úr *Fjólu*, bls. 32)

# Yfir djúpi

Guðmundur Guðmundsson

Ísólfrur Pálsson, 1916  
Radds.: Páll Ísólfrsson

Dolce Yf - ir djúp - i dauð - ans ljóm - ar sól, drott - ins sól, á

blá - um veg - um stjarn - a, lyft mér, guð, á hær - ri sjón - ar -

hól, him - in opn - a ljóss - ins góð - u barn - a,

heyr þú and - vörp allr - a sorg - ar - barn - a.

## YFIR DJÚPI DAUÐANS

Yfir djúpi dauðans ljómar sól,  
drottins sól, á bláum vegum stjarna,  
lyft mér, guð, á hærri sjónarhól,  
himin opna ljóssins góðu barna  
heyr þú andvörp allra sorgarbarna.

# Sumar

(Nú brosir vorsólin blíð og góð)

Guðmundur Guðmundsson

Ísólfrur Pálsson, 1908

Allegretto

Nú bros - ir vor-sól-in blíð og góð og býð - ur mér góð - an dag - inn, og

rit - ar gull-stöf-um ljúf - lings - ljóð á lygn - an og bjart - an sæ - inn. Við

haf - gú - u - söng og hörp - u - óm ég hlusta' á þann snilld - ar - brag - inn; að

sunn - an fer vor - ið með söng og hljóm og suð - ræn - a, hlýj - a blæ - inn.

## SUMAR

\*) Vikið frá taktboða í handriti:  
6/8 í stað 3/4

Nú brosir vorsólin blíð og góð  
og býður mér góðan daginn,  
og ritar gullstöfum ljúflingsljóð  
á lygnan og bjartan sæinn.  
Við hafgúu söng og hörpu óm  
ég hlusta' á þann snilldarbraginn;  
að sunnan fer vorið með söng og hljóm  
og suðræna, hlýja blæinn.

# Þegar vorar

Ísólfrur Pálsson

Ísólfrur Pálsson, 1932

Andantino

1. Þegar vor - ar, vind-ar hlý - ir veif-a skýj - um yf - ir lönd. Heyr-ast sum - ar-söngv-ar

ný - ir, sól-in þíð - ir klak-a - bönd. Líf sem bund - ið lá í dval - a lít - ur

und - an fann-a - breið, grænk-a rind - ar, blóm-um bal - a bind-a linda' um veik-an

meið. Fjall - a - tinda' og fann - a - sal - a fríð er mynd við loft-in heið.

## ÞEGAR VORAR

Þegar vorar, vindar hlýir  
veifa skýjum yfir lönd.  
Heyrast sumarsöngvar nýir,  
sólín þíðir klakabönd.  
Líf sem bundið lá í dvala  
lítur undan fannabreið,  
grænka rindar, blómum bala  
binda linda' um veikan meið.  
Fjallatinda' og fannasala  
fríð er mynd við loftin heið.

Eða þegar ljúfu ljóðin  
lóan syngur hátt í geim,  
þann við skiljum yndisóðinn,  
er þá vorið komið heim,  
veðrin hlýna og vekja nýja  
vonarrós á dapra brá.  
Tíbrárlínur tign með hlýja  
titra um ósa, land og sjá.  
Þegar skín og skuggar flýja  
skæra ljósið himni frá.

# Austurfjöll

(Þið ljómið heið og breið)

Guðmundur Guðmundsson

Ísólfur Pálsson, 1916

Commodo

Þið ljóm - ið heið og breið og blá, mín björt - u aust - ur - fjöll! Þar

kveikt - u ljós - in bros á brá í bernsk - u álf - a - höll. Það birt - ir allt - af

yf - ir mér er æsk - u guð - a - vé, í and - a við mitt hljóm - spil hér, ég

há og fög - ur sé.

## AUSTURFJÖLL

Þið ljómið heið og breið og blá, mín björtu austurfjöll!  
 Þar kveiktu ljósin bros á brá í bernsku álfahöll.  
 Það birtir alltaf yfir mér er æsku guðavé,  
 í anda við mitt hljómspil hér, ég há og fögur sé.

# Til fjalla

(Án texta)

Ísólfrur Pálsson, 1938

Semplice

*f*

1.

2.

# Á útleið

(Nú lækka ljósir tindar)

Ísólfur Pálsson

Ísólfur Pálsson

Andantino

Nú lækk - a ljós - ir tind - ar og land - ið hverf - ur sýn en napr - ir næð - a

vind - ar um nótt en mán - inn skín. En for - lög braut - ir beygj - a og

bylgj - ur hald - a vörð. Ég aft - ur vona' að eygj - a þig, ást - kær fóst - ur -

jörð. Ég aft - ur vona' að eygj - a þig, ást - kær fóst - ur - jörð.

## Á ÚTLEIÐ

Nú lækka ljósir tindar  
 og landið hverfur sýn  
 en naprir næða vindar  
 um nótt en máninn skín.  
 En forlög brautir beygja  
 og bylgjur halda vörð.  
 Ég aftur vona' að eygja  
 þig, ástkær fósturjörð.

# Á heimleið

(Hve bjart að líta þig)

Ísólfur Pálsson

Ísólfur Pálsson, 1934  
Radds.: Páll Ísólfsson

Andante

1. Hve bjart að lít - a þig fóstr-a mín fríð - a, fald-að-a hvít - ri jök - ul-kinn. Ég

þráð - i leng - i, fannst langt að bíð - a, lit - ið að fengi' ég hjúp - inn þinn. Nú

sé ég að him - ins þíns víð-feðm-a veld - i, vef - ur þig örm-um við ljós - a-skart, er

sól - ar-geisl-arn-ir síð - ast að kveld - i sindr - a við haf - ið fag - urt, bjart.

## Á HEIMLEIÐ

Hve bjart að líta þig fóstra mín fríða,  
faldaða hvítri jökulkinn.  
Ég þráði lengi, fannst langt að bíða,  
litið að fengi ég hjúpinn þinn.  
Nú sé ég að himins þíns víðfeðma veldi,  
vefur þig örmum við ljósaskart,  
er sólargeislarnir síðast að kveldi  
sindra við hafið fagurt, bjart.

Að stíga fæti á strönd þína, móðir,  
studdur af mætri vinarhönd,  
og þar að gisti sem vinir góðir  
geyma mér vist og tryggðabönd.  
Ég kys og að eyða svo árunum mínum  
allt þér að vinna í gleði' og harm  
og síðast falinn í faðminum þínum,  
fósturjörð, sem við móðurbarm.



# Innsýn

(Í lautu hlíðar)

Ísólfur Pálsson

Ísólfur Pálsson, 1927  
Radds.: Páll Ísólfsson

Tranquillo

1. Í laut - u hlíð - ar leit ég fög - ur blóm. Mót ljós - i

sól - ar föng - in smá þau breidd - u. Með ilm - inn mild - a úð - a dagg - ar

hjóm þeir ó - tal lit - ir blóm - um nær mig seidd - u.

## INNSÝN

Í lautu hlíðar leit ég fögur blóm.  
Mót ljósi sólar föngrin smá þau breiddu.  
Með ilminn milda úða daggar hjóm  
þeir ótal litir blómum nær mig seiddu.

Og hvað var það, sem heyrði ég og sá?  
Var hulið afl í blómarjóðri smáu?  
Svo glæstir litir glóðu blómum á  
sem gleði ómar svifu' í loftin bláu.  
(1-2 / 4)

# Um aftanstund

Freysteinn Gunnarsson

Ísólfur Pálsson, 1925

Allegretto grazioso

1. Um aft - an - stund við sæv - ar sund ég

sá þig fram hjá gang - a, með bros á vör og aug - un ör og æsk - u roða' á

vang - a og æsk - u roða' á vang - a og

lokk - an - a dökk - a og lang - a.

## UM AFTANSTUND

Um aftanstund við sævar sund  
ég sá þig fram hjá ganga,  
með bros á vör og augun ör  
og æsku roða' á vanga  
og lokkana dökka og langa.

Sem stjarnan háum himni frá  
þú hvarfst á samri stundu.  
En golan þaut í lágri laut  
og laufin bliknuð hrundu  
um haustkvöld á hrímaða grundu.

(Upphaflega virðist Ísólfur hafa samið lagið við eigin texta, Musica. Ekki er ljóst hvort texti Freysteins var gerður sérstaklega fyrir lagið en Ísólfur hefur greinilega kosið að nota hann við lagið frekar en sinn Musica. Texti Freysteins er einni hendingu styttri en Ísólf's, sem hvílir söngin í seinni hluta 3. línu.)

## MUSICA

Svo engilfríð og björt á brá  
mér birtist fyrsta sinni,  
hún strengi þýða stillti þá  
og strauk af listar inni.  
Þeir hljómar mér í minni  
æ munu að hinnsta sinni.  
(Í.P.) (1/4)

# Vorgyðjan kemur

Guðmundur Guðmundsson

Ísólfur Pálsson, 1909

Animato

Von - a minn - a bjarm - i á barm - i þér ljóm - - - ar,

ber mig upp til skýj - a, þar gígj - a þín hljóm - - - ar.

Sól - ar hafs við ós - a, mín ljós - a, þú lif - - - ir,

leift - ur him - ins titr - a og glitr - a þér yf - - - ir.

## VORGYÐJAN KEMUR

Vona minna bjarmi á barmi þér ljómar,  
ber mig upp til skýja, þar gígja þín hljómar.  
Sólar hafs við ósa, mín ljósa, þú lifir,  
leiftur himins titra og glitra þér yfir.

# Til sönggyðjunnar

(Láttu nú gyðjan mín góða)

Ísólfrur Pálsson

Ísólfrur Pálsson, 1913

Dolente

1. Látt - u nú gyðj - an mín góð - a gígj - unn - ar

hljóm - a til mín ber - ast, svo hing - að ég heyr - i

himn - esk - u söng - ljóð-in þín.

## TIL SÖNGGYÐJUNNAR

Láttu nú gyðjan mín góða  
gígjunnar hljóma til mín  
berast, svo hingað ég heyri  
himnesku söngljóðin þín.

Lyft mínum anda frá láði,  
ljósið þar fegurra skín.  
Ávalt er þangað mín þráin,  
þar eru vonbýlin mín.  
(1-2 / 5)

# Í landsýn

(Af hafi sé ég)

Hannes Blöndal

Ísólfur Pálsson, 1908

Radds.: A. Lundh

Andante con moto

Af haf - i sé ég hvít - a jök - ul - skall - a sig hefj - a yf - ir blá - an öld - u -

geim. Ég þekk - i svip og seg - ul - magn - ið fjall - a, er seidd - i

mig og fleir - i aft - ur heim. Það allt, sem best ég á í sál - u

minn - i, mín ætt - jörð kær - a, fagn - ar ná - vist þinn - i.

## Í LANDSÝN

Af hafi sé ég hvíta jökulskalla  
 sig hefja yfir bláan öldugeim.  
 Ég þekki svip og segulmagnið fjalla,  
 er seiddi mig og fleiri aftur heim.  
 Það allt, sem best ég á í sálu minni,  
 mín ættjörð kæra, fagnar návist þinni.

# Bernskuminning

(Mín barndómstíð)

Brynjúlfur Jónsson (frá Minna Núpi)

Ísólfulur Pálsson, 1898

Radds.: A. Lundh

Sempre dolce

1. Mín barn - dóms - tíð, bless - uð hug - sjón ljúf og fríð

er í sak - leys - i sín - u, var sál - in glöð og von - ar -

blíð. Barst ég skjótt af blóm - svið - i þín - u en bjart æsk - u -

minn - ing - in skín. Sak - laus - a barn - æsk - a sakn - a ég þín.

The musical score is written for piano and voice. It consists of four systems of music. Each system has a vocal line on a treble clef staff and a piano accompaniment on a grand staff (treble and bass clefs). The key signature is three flats (B-flat, E-flat, A-flat) and the time signature is 2/4. The tempo/mood is 'Sempre dolce'. The lyrics are in Icelandic and are placed above the vocal line. The piano accompaniment features a steady bass line and chords in the right hand. There are some dynamic markings like 'mf' and 'f'.

## BERNSKUMINNING

Mín barndómstíð,  
blessuð hugsjón ljúf og fríð  
er í sakleysi sínu,  
var sálin glöð og vonarblíð.  
Barst ég skjótt af blóm sviði þínu  
en bjart æskuminningin skín.  
Saklaus barnæska sakna ég þín.

Ó, sönglist sæt  
sálarinnar unun mæt,  
hve þín fegurð mig fangar,  
af fögnuði ég næstum græt.  
Engum hlutum eftir mig langar  
jafn innilega sem þér.  
Hljómur þinn hug minn í hæðirnar ber.

# Röddin

(Ég stóð um nótt)

Mathew Arnold - Matthías Jochumsson

Ísólfur Pálsson, 1899  
Radds.: A. Lundh

Andante assai  
*dolce*

Solo

Ég stóð um nótt við stjörn á völt - u fley - i, er stjörn - ur

Píanó

*legato mf*

lýst - u sval - a vetr - ar - dröfn, og var að harm - a þess - a víð - u

*p*

veg - i, sem vekj - a þrá, en sýn - a hverg - i höfn.

## RÖDDIN

Ég stóð um nótt við stjörn á völtu fleyi,  
er stjörnur lýstu svala vetrardröfn,  
og var að harma þessa víðu vegi,  
sem vekja þrá, en sýna hvergi höfn.

# Röddin

(Ég stóð um nótt)

Mathew Arnold - Matthías Jochumsson

Ísólfrur Pálsson, 1899  
Radds.: Páll Ísólfrsson

Andante assai

Solo *dolce* Ég stóð um nótt við stjörn á völt - u fley - i, er stjörn - ur

S  
A *p dolce legato* Ég stóð um nótt er

T  
B

lýst - u sval - a vetr - ar - dröfn, og var að harm - a þess - a víð - u

stjörn - ur lýst - u dröfn, var að harm - a víð - a

*rit.*  
veg - i, sem vekj - a þrá, en sýn - a hverg - i höfn.

*rit.*  
veg - i. Hverg - i höfn, hverg - i höfn.

## RÖDDIN

Ég stóð um nótt við stjörn á völtu fleyi,  
er stjörnur lýstu svala vetrardröfn,  
og var að harma þessa víðu vegi,  
sem vekja þrá, en sýna hvergi höfn.  
(1/9)



# Röddin

(Ég stóð um nótt)

Mathew Arnold - Matthías Jochumsson

Ísólfrur Pálsson, 1899  
Raddsi.: Sigfús Einarsson, 1938

Andante assai

Solo

Ég stóð um nótt við stjörn á völt - u fley - i, er stjörn - ur

Karllakór

*p legato* Ég stóð um nótt (er) er stjörn - ur

lýst - u sval - a vetr - ar - dröfn, og var að harm - a þess - a víð - u

lýst - u sval - a dröfn, og var harm - a þess - a

veg - i, sem vekj - a þrá, en sýn - a hverg - i höfn.

veg - i, sem vekj - a þrá, en hverg - i höfn.

## RÖDDIN

Ég stóð um nótt við stjörn á völtu fleyi,  
er stjörnur lýstu svala vetrardröfn,  
og var að harma þessa víðu vegi,  
sem vekja þrá, en sýna hvergi höfn.  
(1/9)

# Sumarkyrrð

(Hallar degi. Sólin síð)

Guðmundur Guðmundsson

Ísólfrur Pálsson

Hall - ar deg - i. Sól - in síð send - ir kveðju' í

dal - inn. Aft - ur rek - ur út í hlíð ærn - ar

sín - ar smal - inn. ærn - ar sín - ar smal - inn.

## SUMARKYRRÐ (Sumarkvöld í sveit)

Hallar degi. Sólin síð  
sendir kveðju' í dalinn.  
Aftur rekur út í hlíð  
ærnar sínar smalinn.

Milli bakka djúp og dökk  
dreymin líður áin.  
Grundin andar ástarþökk  
út í víðan bláinn.

Móða ljós við rökkur rís  
runnum úr og mýrum, —  
blæju sinni sumardís  
sveipar að votum hlýrum.

Saman af teigum sveinn og drós  
sunnan völlinn ganga, —  
ungra vona ljóð og ljós  
leika' í brosi' um vanga.

Vaggar hverju blómi' í blund  
blíður lækjarniður.  
En sú blessuð aftanstund!  
en sú kyrrð og friður!

# Söknuður

(Hið hugblíða sumar)

Freysteinn Gunnarsson

Ísólfur Pálsson

Dolce

1. Hið hug - blíð - a sum - ar með hverf - ul - a kyn - ing, það

hvarf svo fljótt. Og haust - ið er kom - ið með klökkn - and - i

minn - ing og kald - a nótt, og kald - a nótt.

## SÖKNUÐUR

Hið hugblíða sumar með hverfula kynning,  
það hvarf svo fljótt.  
Og haustið er komið með klökknandi minning  
:::og kalda nótt.::

Í sumar við undum á sólbjörtum reitum  
við söngva hljóm.  
Nú dimmir á heiðum og daprast í sveitum  
:::og deyja blóm.::

Þú komst eftir sumarsins glóandi glitveg  
með geislaflóð.  
Þú kvaddir mig áðan og einmana sit ég  
:::á eyðislóð.::

# Sjómenn

(Fyrr á öldum)

Ísólfrur Pálsson

Ísólfrur Pálsson, 1939

Fyrr á öld - um Fróns að strönd - um fræg - ir sótt - u hreyst - i -

menn er þeir voru' að leita' að lönd - um langt um höf, og svo er

enn. Síð - an hafa' um all - ar ald - ir Ís - lands niðj - ar hafs um

slóð ver - ið djarf - ir táps - menn tald - ir, trú - ir sjó - menn vorr - i

þjóð, með - al hinn - a mest - u vald - ir, minnst er þeirra' í sögu' og óð.

# Hulda

(Ég sá í draumi, svarrafljóð)

Ísólfulur Pálsson

Ísólfulur Pálsson

Semplice

1. Ég sá í draum-i, svarr - a - fljóð, mér sortn - að - i fyr - ir aug - -

um. Ég heyrð - i fög - ur ljúf - lings - ljóð þá lifn - að - i fjör í

taug - - um. Þau dill - uðu' og ið - uðu' í draum - værd - ar - blæ svo

dátt mér í eyr-um, það skil-ið ég fæ, eld - -

að við-sjált mun er álf - a log - ar

ur á Ís - a - grund, ég veit nú hvað því veld - - -

ur. Ég varð sem undr - a vald - i of - ur - seld - - - ur.

## Kveðja

(Við komum hér glaðir)

Freysteinn Gunnarsson

Ísólfur Pálsson, 1907

Animato

Við kom-um hér glað-ir á góð-vin-a-fund til gam-ans við kvæð-i og söng. Og

hug - a við lyft-um á hverf-and-i stund frá hvers-dags-ins ys og þröng. En

stund - in er lið - in, hún leið svo hratt, við ljóð-hreim og strengj - a - slátt. Því

kveðj-umst við öll með-an allt er glatt og aft-ur við hitt - umst brátt.

## KVEÐJA

Við komum hér glaðir á góðvinafund  
 til gamans við kvæði og söng.  
 Og huga við lyftum á hverfandi stund  
 frá hversdagsins ys og þröng.  
 En stundin er liðin, hún leið svo hratt,  
 við ljóðhreim og strengjaslátt.  
 Því kveðjumst við öll meðan allt er glatt  
 og aftur við hittumst brátt.

## Kveðja

(Við komum hér glaðir)

Freysteinn Gunnarsson

Ísólfur Pálsson, 1907

Radds.: Þórarinn Guðmundsson, 1953 (SÓ)

Animato

Solo

T. I-II

Karлакór

B. I-II

*mf* Við kom-um hér glað-ir á góð-vin-a-fund til gam-ans við kvæð-i og söng. Og

hug - a við lyft-um á hverf-and-i stund frá hvers-dags-ins ys og þröng.

*Solo:*

En stund - in er lið - in, hún leið svo hratt, við ljóð-hreim og strengj - a - slátt.

En stund - er lið - in, leið svo hratt, við strengj - a - slátt.

Því kveðj-umst við öll með - an allt er glatt og aft - ur við hitt - umst brátt.

# Hér er, bróðir, verk að vinna

Freysteinn Gunnarsson

Ísólfur Pálsson

Commodo

Hér er, bróð - ir, verk að vinn - a, vand - a - starf af hendi' að inn - a, ung - um

gróðr - i að skal hlynn - a, örva' og hvetj - a þor og dug. Skylt er

(Raddir 2, 3, 4:) örv - a þor og dug.

öll - um oss að sinn - a öll - u því sem gott má finn - a. Hér er,

bróð - ir, verk að vinn - a, vand - a starf af ráðn - um hug.

## HÉR ER, BRÓÐIR, VERKA AÐ VINNA

Hér er, bróðir, verk að vinna,  
 vandastarf af hendi' að inna,  
 ungum gróðri að skal hlynn,  
 örva' og hvetja þor og dug.  
 Skylt er öllum oss að sinna  
 öllu því sem gott má finna.  
 Hér er, bróðir, verk að vinna,  
 vanda starf af ráðnum hug.



# Dagur

(Þá lífsins fegursta ljós mér skín)

Ísólfrur Pálsson

Ísólfrur Pálsson, 1934

Poco Allegretto

1. Þá lífs - ins feg - urst - a ljós mér skín er ljóm - ar í austr - in - u

dag - ur þá húm - ið næt - ur og dimm - an dvín af

dval - a vakn - ar þá von - in mín að vænk - ist nú dap - ur

hag - ur. Dag - ur, sem bjart - ur er, blíð - ur og fag - ur.

## DAGUR

Þá lífsins fegursta ljós mér skín  
er ljómar í austrinu dagur  
þá húmið nætur og dimman dvín  
af dvala vaknar þá vonin mín  
að vænkist nú dapur hagur.  
Dagur, sem bjartur er, blíður og fagur.

Mér virðist að birti af sumarsól  
er sé ég að roðnar á fjöllum  
og tánum, geislar á tindastól,  
þá tylla á vegum um vesturból.  
Að vakna þeir boða öllum.  
Öllum í kotum og konungahöllum.  
(1-2/3)

## Lóan er komin

Páll Ólafsson

Ísólfur Pálsson, 1909

Poco maestoso

Ló - an er kom - in að kveð - a burt snjó - inn, að kveð - a burt leið - ind - in,

það get - ur hún. Hún hef - ir sagt mér, að senn kom - i spó - inn,

*rit.* *a tempo* *ff*

sól - skin í dal - i og blómst - ur í tún. (Solo:) Hún hef - ir sagt mér til

*mf* *rit.* *dolce* *mp*

synd - ann - a minn - a, ég sof - i of mik - ið og vinni' ekk - i hót.

*rit.* *ten.*

Tempo I

(Kór:) Hún hef - ir sagt mér að vakn - a og vinn - a og von - glað - ur tak - a nú

## (Lóan er komin-2)

sumr - in - u mót. Hún hef - ir sagt mér að vakn - a og vinn - a og *dolce*

von - glað - ur tak - a nú sumr - in - u mót. *rit.*

## LÓAN ER KOMIN

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,  
 að kveða burt leiðindin, það getur hún.  
 Hún hefur sagt mér, að senn komi spóinn,  
 sólskin í dali og blómstur í tún.  
 Hún hefir sagt mér til syndanna minna,  
 ég sofí of mikið og vinni ekki hót.  
 Hún hefir sagt mér að vakna og vinna  
 og vonglaður taka nú sumrinu mót.

# Vort fósturland

Ísólfrur Pálsson

Ísólfrur Pálsson  
Radds.: Páll Ísólfrsson

Poco maestoso

Vort fóst-ur - land við bjart-an norð-urs baug, þar bál - ar sól um jún - í -

næt - ur. Í dval - a eim - ur lið - ast yf - ir laug í ljós - um

geisl - um him - in - tár-um græt - ur og þeg-ar greið - ast norð - ur - ljós - a

lín og leiftr - in breið - ast yf - ir veng - in þín, vor fóst - ur -

fold, þín finnst ei jafn - a nein, vor móð - ur - mold, svo mjall - a - hvít og

## (Vort fósturland-2)

hrein, um all - a tíð þér yf - ir skín hins æðst - a tign - in

há og ár og síð nær eins til þín vor innst - a hjart - ans þrá.

## VORT FÓSTURLAND

Vort fósturland við bjartan norðurs baug,  
 þar bálur sól um júnínætur.  
 Í dvala eimur liðast yfir laug  
 í ljósum geislum himintárum grætur  
 og þegar greiðast norðurljósa lín  
 og leiftrin breiðast yfir vengin þín,  
 vor fósturfold, þín finnst ei jafna nein,  
 vor móðurmold, svo mjallahvít og hrein,  
 um alla tíð þér yfir skín hins æðsta tignin há  
 og ár og síð nær eins til þín vor innsta hjartans þrá.  
 (úr *Fjólu*, bls. 18-19)

# Ég beið þín um kvöld

Freysteinn Gunnarsson

Ísólfur Pálsson

Moderato

Ég beið þín um kvöld með óð - hug - ans eld og ó - snert - a hörp - unn - ar

*p dolce*

streng - i, við nið - and - i lind um lág - nætt - is - stund, er

læðst hafð - i þok - an um eng - i. Ég beið þín, ég beið þín svo leng - i.

*p calando*

## ÉG BEIÐ ÞÍN UM KVÖLD

Ég beið þín um kvöld með óðhugans eld  
 og ósnerta hörpunnar strengi,  
 við niðandi lind um lagnættisstund,  
 er læðst hafði þokan um engi.  
 Ég beið þín, ég beið þín svo lengi.  
 (úr *Fjólu*, bls. 33)

# Vormenn!

Guðmundur Guðmundsson

Ísólfr Pálsson, 1911

Moderato

1. Vor-menn Ís-lands! – yð-ar bíð - a eyð - i - flák - ar, heið - a - lönd. Kom-ið

græn - um skógi' að skrýð - a skrið - ur ber - ar, sendn - a strönd! Huld - ar

lands - ins vernd - ar - vætt - ir von - ar - glað - ar stífg - a dans, eins og

mjúk - ir hrynj - i hætt - ir, heils - a börn - um vor - hug - ans.

## VORMENN!

Vormenn Íslands! – yðar bíða  
 eyðiflákar, heiðalönd.  
 Komið grænum skógi' að skrýða  
 skriður berar, sendna strönd!  
 Huldar landsins verndarvættir  
 vonarglaðar stíga dans,  
 eins og mjúkir hrynji hættir,  
 heilsa börnum vorhugans.  
 (1/6)

# Ó, fögur er vor fósturjörð

Jón Thoroddsen

Ísólfrur Pálsson, 1934

Allegretto

1. Ó, fög - ur er vor fóst - ur-jörð um fríð - a sum - ar - dag - a, er

lauf - in græn - u litk - a börð, og leik - ur hjörð í hag - a. En

dal - ur lyft - ir blárr - i brún mót blíð - um sól - ar - log - a, og

glitr - ar flöt - ur gló - ir tún og gyll - ir sunn - a vog - a.

## Ó, FÖGUR ER VOR FÓSTURJÖRÐ

Ó, fögur er vor fósturjörð  
um fríða sumardaga,  
er laufin grænu litka börð,  
og leikur hjörð í haga.  
En dalur lyftir blárrí brún  
mót blíðum sólarloga,  
og glitrar flötur glóir tún  
og gyllir sunna voga.

Og vegleg jörð vor áa er  
með ísi þakta tinda.  
Um heiðrík kvöld að höfði sér  
nær hnýtir gullna linda  
og logagneistum stjörnur strá  
um strindi hulið svellum,  
en hoppa álfar hjarni á,  
svo heyrir duna í fellum.

Þú fóstur jörðin fríð og kær,  
sem feðra hlúir beinum,  
og lífi ungu frjóvi fær  
hjá fornum bautasteinum.  
Ó, blessuð vertu fagra fold  
og fjöldi þinna barna,  
á meðan gróa grös í mold  
og glóir nokkur stjarna.



# Um löndin þegar líður

Ísólfur Pálsson

Ísólfur Pálsson

Um lönd - in þeg - ar líð - ur hinn létt - i, hlý - i blær. Hann

svíf - ur vængj - a - víð - ur um vind - a - loft - in tær og

blóm - a - ilm - inn býð - ur og blítt við öll - um hlær.

## UM LÖNDIN ÞEGAR LÍÐUR

Um löndin þegar líður  
hinn létti, hlýi blær.  
Hann svífur vængjavíður  
um vindalofnin tær  
og blómailminn býður  
og blítt við öllum hlær.

# Hvað er framorðið

(Sól úr austursölum stígur)

Freysteinn Gunnarsson

Ísólfur Pálsson, 1928

Commodo

1. Sól úr aust - ur - söl - um stíg - ur, svefn og draum - ur burt - u flýg - ur,

sindr - ar geisli' um sal - ar gólf. Mál er enn að vaka' og vinn - a,

vit - ug störf af hendi' að inn - a. Verð - ir kall - a: "Klukk - an tólf!"

## SÓL ÚR AUSTURSÖLUM STÍGUR

Sól úr austursölum stígur,  
svefn og draumur burtu flýgur,  
sindrar geisli' um salar gólf.  
Mál er enn að vaka' og vinna,  
vitug störf af hendi' að inna.  
Verðir kalla: "Klukkan tólf!"

Hádegi' aðeins einu sinni  
er á jarðar dagleið þinni,  
síðan hallar aftni að.  
Njóttu, vinur, heilla handa  
helga smíð að treysta' og vanda.  
Ört flýr sál í eyktar stað.

Steinninn mótast mær og fagur  
meðan ljómar hæstur dagur.  
Vakir hugur, vinnur hönd,  
verndi máttur vora smíði,  
viska' og fegurð salinn prýði,  
létti starfið bræðrabönd.

Sól í vestri' að sævi líður,  
sérhvert starf og iðja bíður  
miðnættis um myrka stund.  
Öllum þreyttum, hreldum, hrjádum,  
hverjum sjúkum manni' og þjádum  
gefi drottinn blíðan blund.

Hánótt byrgir hvelfda sali,  
hylja skuggar jarðardali,  
vaggar hóm í draumi drótt.  
Standa' og hlusta hvítir tindar,  
hika' og þegja næturvindar.  
Allt er dimmt og dauðahljótt.

# Þótt glögg sé ei leiðin

Matthías Jochumsson

Ísólfur Pálsson, 1940

1. Þótt glögg sé ei leið - in á guð þinn nóg ráð, og  
 2. Og hann vel - ur tíð - um, hef - ir ein - hver ráð, og

velji' hann ekk - i mín - a, og velji' hann ekk - i þín - a, en  
 velji' hann ekk - i mín - a, og velji' hann ekk - i þín - a, hann

hald - i held - ur sín - a, þá hef - ir hann nóg ráð, og  
 vill og vel - ur sín - a og vant - ar aldr - ei ráð, og

## ÞÓTT GLÖGG SÉ EI LEIÐIN

Þótt glögg sé ei leiðin  
 á guð þinn nóg ráð,  
 og velji hann ekki mína,  
 og velji hann ekki þína,  
 en haldi heldur sína,  
 þá hefir hann nóg ráð.

Og hann velur tíðum,  
 hefir einhver ráð,  
 og velji hann ekki mína,  
 og velji hann ekki þína,  
 hann vill og velur sína  
 og vantar aldrei ráð.

## Gavotte

Ísólfr Pálsson

Moderato

# Preludium

Ísólfur Pálsson

Adagio

*dolce*  
*p*

*mp*

1. 2.

*mf* *rit.*

*mf* *f* *dolce*

*poco riten.* *p* *pp*

# Góð er þér móðir

Guðmundur Guðmundsson

Ísólfrur Pálsson, 1914  
Radds.: Páll Ísólfrsson

*Larghetto*

Sóló

Píanó

*p*

*rit.*

Góð er þér móð - ir, hvíld í helgr - i ró. Hjart - að var

*mp* *cresc.* *mf*

þreytt og förl - ast tek - ið minn - i, æsk - unn - ar rós und ell - i vetr - ar -

snjó orp - in var löng - u fölva' á bránn - i þinn - i. Ei - lífð - ar -

*mf*

## (Góð er þér móðir-2)

The image shows a musical score for the song 'Góð er þér móðir-2'. It consists of two systems of music. The first system features a vocal line on a treble clef staff and a piano accompaniment on grand staff (treble and bass clefs). The key signature is three sharps (F#, C#, G#) and the time signature is 6/8. The tempo marking 'rit.' is placed above the vocal line. The lyrics are: 'von - in var þín best - a fró, vold - ug og sterk í him - in - feg - urð'. The piano accompaniment includes a 'rit.' marking with a hairpin. The second system continues the vocal line with the lyrics 'sinn - i.' and the piano accompaniment with markings 'molto rit.', 'pp', and 'pp dim.'. The piano accompaniment ends with a fermata over the final chord.

## GÓÐ ER ÞÉR MÓÐIR

Góð er þér, móðir, hvíld í helgri ró.  
 Hjartað var þreytt og förlast tekið minni,  
 æskunnar rós und elli vetrarsnjó  
 orpin var löngu fölva' á bránni þinni.  
 Eilífðarvonin var þín besta fró,  
 voldug og sterk í himinfegurð sinni.

Sofðu nú móðir, sæl í friði og ró.  
 Sofðu í milda, kyrra, þýða blænum.  
 Drottinn vor, Jesús, blessun þér bjó  
 bendir þér enn og vísir verða fundir.  
 Þú sæla finnur yndisfrið og fró.  
 Sofðu' undir hlýjum risafeldi grænum.

(2/6)

*Erfiljód í minningu móður Ísólfis,  
 Margrétar Gísladóttur (1830-1914)*

# Landnám

(Þá Ísland var eyja)

Ísólfur Pálsson

Ísólfur Pálsson, 1933

Andante

1. Þá Ís - land var eyj - a, sem eng - inn þekkt - i til, af eng - um skó var

grund - in nið - ur - troð - in og það var víst um fjöl - margr - a þús - und ár - a

bil að þá hér ríkti' hún Freyj - a og goð - in. Í næð - i lifð - u

fugl - ar og fisk - arn - ir í sjó og frjálst var goð - a - land - ið og



## (Landnám-2)

klætt í græn - an skóg. Er Freyj - a bauð þeim heim að feng og nóg - um

seim og frels - is - hreim og fley að land - i flut - u

en Freyj - ur höfð - um lut - - - u.

fley að land - i flut - u

## LANDNÁM

Þá Ísland var eyja, sem enginn þekkti til,  
 af engum skó var grundin niðurtroðin  
 og það var víst um fjölmargra þúsund ára bil  
 að þá hér ríkti hún Freyja og goðin.  
 Í næði lifðu fuglar og fiskarnir í sjó  
 og frjálst var goðalandið og klætt í grænan skóg.  
 Er Freyja bauð þeim heim  
 að feng og nógum seim  
 og frelsishreim  
 og fley að landi flutu  
 en Freyjur höfðum lutu.

(1/4)



# Glóbjört og síhlý

Ísólfulur Pálsson, 1910

Ísólfulur Pálsson, 1938  
Radds.: Páll Ísólfulursson

Gló - björt og sí - hlý sunn - a verm - ir dal - i. Syng - ur nú

ló - an hátt í him - in - geim. Fram - hjá er lið - inn vetr - ar vind - a

sval - i vor - blær - inn svíf - ur frjálst um bjart - an heim. Næt - ur og

daga' í nátt - úr - unn - ar hjal - i nær mér og fjær ég heyr - i un - aðs - hreim.

## GLÓBJÖRT OG SÍHLÝ

Glóbjört og síhlý  
sunnna vermir dali.  
Syngur nú lóan  
hátt í himingeim.

Framhjá er liðinn  
vetrar vinda svali  
vorblærinn svífur  
frjálst um bjartan heim.  
Nætur og daga' í náttúrunnar hjali  
The second system of musical notation continues the piece. The treble clef melody has a quarter note G4, an eighth note A4, and a quarter note B4. The bass clef accompaniment has a quarter note G3, an eighth note A3, and a quarter note B3. The system ends with a double bar line.

The third system of musical notation concludes the piece. The treble clef melody has a quarter note G4, an eighth note A4, and a quarter note B4. The bass clef accompaniment has a quarter note G3, an eighth note A3, and a quarter note B3. The system ends with a double bar line.

# Mignon I, II

(Drög - forspil / millispil)

Ísólfr Pálsson

## I

## II

# Ég er kominn að kveðja

(Drög - án texta)

Ísólfur Pálsson

The first system of musical notation consists of two staves. The upper staff is in treble clef and the lower staff is in bass clef. The key signature has three flats (B-flat, E-flat, A-flat) and the time signature is common time (C). The music begins with a series of eighth and quarter notes in the right hand, while the left hand provides a harmonic accompaniment with chords and single notes.

The second system continues the piece with similar rhythmic patterns. The right hand features a mix of eighth and quarter notes, and the left hand maintains a steady accompaniment with chords and moving lines.

The third system shows the continuation of the musical piece. The right hand has a more active line with eighth notes, while the left hand provides a solid harmonic base with chords and eighth notes.

The fourth system continues the composition. The right hand features a series of chords and eighth notes, and the left hand has a rhythmic accompaniment with eighth notes and chords.

The fifth and final system of the piece concludes with a final cadence. The right hand has a melodic line with eighth notes, and the left hand provides a final accompaniment with chords and eighth notes.

## Hvöt

(Drög - án texta)

Ísólfr Pálsson, 1899

Maestoso e f...

Solo:

\*) rit.

*a Tempo*

Kór: *f* *mf* *f*

*cresc.* *dim.*

\*) Sjá greinargerð

# Hnigin sól er að sæ

(Drög - án texta)

Ísólfrur Pálsson, 1940

# Nú kveður harpan himnamál

(Drög - án texta)

(Samkvæmt handriti er lagið kennt við texta e.  
Matthías Jochumsson en sá texti fannst ekki)

Ísólfur Pálsson

# Vorkveld / Vornótt

(Drög - Nú krýpur sól að bláum bárum)

(Mögulega hefur Ís.P. verið að semja textann samtímis laginu og hvorugt náð lengra en í þau drög sem hér birtast)

Ísólfrur Pálsson, 1922

Sostenuto

Nú krýp-ur sól að blá-um bár - um og blóm í dval - a höfð-um lút - a. En sval-inn

dreif - ir tær-um tár - um er tylla' á grös er odd-um slút - a.

Kveð - ur stelk - ur vís - ur lóa' í mó - a ljóð um

spó - a.

Coda

## VORKVELD

Nú krýpur sól að bláum bárum  
og blóm í dvala höfðum lúta.  
En svalinn dreifir tærum tárur  
er tylla' á grös er oddum slúta.

Kveður stelkur vísur  
- - lóa' í móa  
- - ljóð um - -  
- - - - spóa.

## Frón

(Drög - Það er eitt, sem oss bindur)

Einar Benediktsson

Ísólfur Pálsson, 1926

Það er eitt, sem oss bind - ur — að elsk - a vort land fyr - ir

of - an allt stríð, fyr - ir hand - an þess sand, með þess hlut - verk í hönd - un - um

fá - u. — Eins og straum - ar þess bland - ast, um láð, yf - ir lá, skal hér

lífs - staf af sam - tak - a þús - und - um há, þar sem hafs - brún og tind - ar með

tign yf - ir brá setj - a tak - mörk - in fjar - læg - u, há - u.

## FRÓN

Það er eitt, sem oss bindur – að elska vort land  
fyrir ofan allt stríð, fyrir handan þess sand,  
með þess hlutverk í höndunum fáu.  
– Eins og straumar þess blandast, um láð, yfir lá,  
skal hér lífsstaf af samtaka þúsundum há,  
þar sem hafsbrún og tindar með tign yfir brá  
setja takmörkin fjarlægðu, háu.



## Við bjargið gráa

(Drög)

Ísólfur Pálsson

Ísólfur Pálsson

Vivace

I 1. Við bjarg-ið grá - a, him-in - há - a þú hef - ir fá - a vini' en skjól. Hver á þig

II 2. Ég er það blóm sem boðið er að bíða' og vak - a eft - ir þér og

\*) Sjá greinargerð

\*\*) Einradda tveir síðustu taktar, annar endir.

## VIÐ BJARGIÐ GRÁA

Við bjargið gráa, himinháa  
þú hefir fáa vini' en skjól.  
Hver á þig smáa blómið bláa,  
þitt brosið dáa, milt við sól.



Ég er það blóm sem boðið er  
að bíða' og vaka eftir þér.  
Og fyrst þú hefir fundið mig  
þá farðu nú hægt og vara þig.  
(2/5)

# Maí rennur sól úr sævi

Jón Thoroddsen

(1. maí - Drög - án texta)  
 (Lagið virðist samið með ljóð J.T. í huga en í  
 þessari gerð lagsins passar textinn ekki við það)

Ísólfur Pálsson, 1932



## MAÍ RENNUR SÓL ÚR SÆVI

Maí rennur sól úr sævi,  
 sorgin felst í gleyskuhyl,  
 leysir brúnir blárra fjalla,  
 brenna hjörtu vonaryl,  
 veður hlýnar, víðir grænka,  
 vogar skína, hauður hlær  
 leika elfur, lækir dansa,  
 lifna grösin, hverfur snær.

.... (úr handriti):  
 allar hjartans æðar  
 standa opnar fyrir geisla þeim.

# Upp til fjalla

(Drög - án texta)

Ísólfur Pálsson, 1889

The first system of the musical score consists of two staves. The upper staff is in treble clef with a key signature of three sharps (F#, C#, G#) and a common time signature (C). It contains a melodic line with a dotted quarter note followed by an eighth note, then a quarter note, and a half note. The lower staff is in bass clef with the same key signature and time signature, and contains a whole rest.

*Coda*

The Coda section consists of two staves. The upper staff is in treble clef with a key signature of three sharps and a common time signature. It contains a melodic line with a quarter note, an eighth note, a quarter note, and a half note. The lower staff is in bass clef with the same key signature and time signature, and contains a melodic line with a quarter note, an eighth note, a quarter note, and a half note. The word "Tema" is written above the first measure of the lower staff. The section ends with a double bar line.

## Hekla

Ísólfur Pálsson, 1907

(sjá bls. 1 í verkinu: Forspíl og kór)

=

(sjá bls. 3 í verkinu: Solo - Andante - mp)

## Hekla

Ísólfrur Pálsson, 1907

(sjá bls. 4 í verkinu: Kór - ff)

= (sjá bls. 11 í verkinu: Solo - Lento)

# Hekla

Ísólfr Pálsson, 1907

I

II

(sjá 12. takt, bls. 7 í verkinu: T+B unisono - mf - a tempo)

# Hekla

Ísólfr Pálsson, 1907

III

öll - um sam - an und - ur sjón





Söngtextar og ljóð  
eftir Ísólf Pálsson

# Söngtextar og ljóð eftir Ísólf Pálsson

(staðsetning í lagasafninu í sviga)

## Á HEIMLEIÐ (69)

Hve bjart að líta þig fóstura mín fríða,  
faldaða hvítri hvítu jökulkinn.  
Ég þráði lengi, fannst langt að bíða,  
lítið að fengi ég hjúpinn þinn.  
Nú sé ég að himins þíns víðfeðma veldi,  
vefur þig örmum við ljósaskart,  
er sólargeislarnir síðast að kveldi  
sindra við hafið fagurt, bjart.

Að stíga fæti á strönd þína, móðir,  
studdur af mætri vinarhönd,  
og þar að gisti sem vinir góðir  
geyma mér vist og tryggðabönd.  
Ég kýs og að eyða svo árunum mínum  
allt þér að vinna í gleði' og harm  
og síðast falinn í faðminum þínum,  
fósturjörð, sem við móðurbarm.

## Á ÚTLEIÐ (68)

Nú lækka ljósir tindar  
og landið hverfur sýn  
en naprir næða vindar  
um nótt en máninn skín.  
En forlög brautir beygja  
og bylgjur halda vörð.  
Ég aftur vona' að eygja  
þig, ástkær fósturjörð.

## BENDING (117)

Gleði æskuára,  
einlæg sælutíð  
til er ei án tára  
tíð er mæða' og stríð.  
Sá er ávallt sjálfur  
sínar raunir ber  
heill en aldrei hálfur  
hans er gæfan hér.

Margt er það sem mæðir  
menn um æviskeið  
þrautaveg ef þræðir  
þú á ævileið.  
Láttu sem þér líki  
lífið furðu vel.  
Sorg og víl er sýki  
sem er verra' en hel.

Gakk þú ætíð glaður  
gegnum hvað sem er,  
gæt þín mest þó maður  
mest á riður þér  
aðeins eitt það vilja  
í' öllu sem er rétt.  
Ven þig skýrt að skilja  
skilyrðin þér sett.

Treystu guði og trúðu  
tign og mátt hans á,  
brátt og vel þig búðu  
berðu þig sigri að ná.  
Sá er allt til enda  
iðkar trú og dyggð  
líklegast mun lenda  
lífs í sælu byggð.

## BÆN I (5)

Ég bið þig, guð minn góður,  
að gefa mér þinn frið.  
Ég bið og hlýði hljóður  
á hljóma eyru við  
sem yndislega óma  
um elsku þína og náð.  
Þeir blíðum röddum róma  
þín ráð og helgidóma  
um himinhöf og láð.

Því skyldi' ég ekki skilja  
það skíra, hreina mál  
og biðja, vona og vilja  
að veitist minni sál.  
Þinn sami friður, faðir,  
er fegurstan ég kýs,  
þar allir geta glaðir  
í gegnum aldaradur  
þá prísað Paradís.

Ég veit, þú guð, mér gefur  
hið góða sem ég þarf  
og eins, að hönd þín hefur  
mér hjálpað við mitt starf.  
En friðinn þinn ég þrái  
er þrengir neyðin sár.  
Ó veit, ég sigur sjái:  
þann sigur að ég fái,  
þinn frið um eilíf ár.

## BÆN II (20)

Lyftum hug í hæðir,  
himna biðjum græðir,  
sjá hve sorgin mæðir,  
sendu' oss hjálparráð.  
Líkna þeim sem líða,  
lífs við eymdir stríða.  
Blessa þá sem biða,  
biðja þig um náð.

## DAGUR (83)

Þá lífsins fegursta ljós mér skín  
er ljómar í austrinu dagur  
þá húmið nætur og dimman dvín  
af dvala vaknar þá vonin mín  
að vænkist nú dapur hagur.  
Dagur, sem bjartur er, blíður og fagur.

Mér virðist að birti af sumarsól  
er sé ég að roðnar á fjöllum  
og tánum, geislar á tindastól,  
þá tylla á vegum um vesturból.  
Að vakna þeir boða öllum.  
Öllum í kotum og konungahöllum.

Og vakna þú æska, sem vært í nótt,  
ert vafin í draumóralínunum.  
Þín dagur bíður með dug og þrótt  
og dáð þú starfir svo fáir fljótt  
þann feng, sem að ráðum mínum.  
Þínum, hann verði að sjá fyrir sínum.  
(3/4)

## EINMÁL (40)

Horfni vinur - hjartans þrá!  
Hvert svo brátt og langt mér frá,  
ertu farinn - finn ég þig  
eða finnurðu aftur mig?  
Þar sem ljósa leiftrið skín  
leita' ég síðar, kem til þín.

## ÉG LEITA ÞÍN (99)

Ég leita þín, ó ljós mér skín  
frá ljósvakasölunum háu.  
Ég hrópa á þig, æ heyrðu mig  
í hérvistardölunum lágu  
og lát mig sjá þín leiftur slá  
með loganum fegursta, skæra  
á dimma braut svo dauða' og þraut  
til dýrðar og lífs megi færa.

## FJALLKONAN (43)

Vér unnum þér, Fjallkonan fríð  
Þó logar í brjóstum þér brenni  
og breiðjökklum krýnt sé þitt enni.  
Við skautið þitt hvíta oss skapað var ból  
og skýli við hlíð þinna fjalla.  
Þinn heiður að vernda oss forsjónin fól  
en fóstra þú skyldir oss alla.  
Því heill sé þér, friðsæla Frón!

## FJÓLAN (58)

Fjólu bláa, fríða, smáa  
fegurst sá ég blóm á grund.  
Hátt í skáum hlíðarfláa  
henni sáir drottins mund.

## GLAÐIR SÉR FUGLAR (100)

Glaðir sér fuglar leika í lundi,  
ljóðin sín kveða fögrum hreim.  
Ókvíðinn hver við örlög sín undi,  
ekki fær sorgin grandað þeim.  
(1/4)

Lítið á blóm og liljur á grundu  
litfögur vaxa þau í ró,  
blítt við og strítt að síðustu stundu  
sérhvert við annað í friði bjó.

Því ertu maður, meiri þó dýrum  
mæddur af sorg og kvíða þraut.  
Gæddur ert viti' og skilningi skýrum  
skepnan ei þessa kosti hlaut.

Glaður þú sért þó gangi á móti  
gengur því fyr til enda þraut,  
kvíðinn er vert þó heimur þér hóti  
hörðu á þinni æfibráut.

## HAUST (47)

Nú hnígur sól að bláum úthafsbárum  
í bleikum geislum hinsta sumarkvöld.  
Í austri skýin tærum gráta tárur  
en tindra ljósin, dreifð um himinvöld.  
Ó hvað er bjartar sól á sumardeg,  
hve sviphýrt margt í ljósrar næturkyrrð?  
Ennþá vér sjáum opna, víða vegi,  
oss vegsemd guðs er sýnd - að nokkru skýrð.  
Nú löng mun bið að aftur sjáum eigi  
þá yndisfögru sólargeisla dýrð.

Það húmar að er fjær oss burtu færast  
hin fögru skin er lífi veita yl.  
Nú andar köldu, blóm ei lengur bærast  
í blænum milda' en hníga jarðar til.  
Svo kemur vetur! leifturbjarta loga  
vér litið getum þegar dimmir nótt  
er norðurljósin teygja gullna toga  
og tindra stjörnur milt í lofti hljótt.  
Og mánaskinið breiðan himinboga  
með birtu fyllir, tign og yndisgnótt.

## HEKLA (123)

Þú skreytir, Hekla, frónið fríða,  
er foldu hylur klakalag,  
og eins í hádagsblænum  
blíða um bjartan, heiðan, sumardag.

Þú stendur ein á hálandsheiðum  
með hályft enni' að skýjabraut,  
ert studd af hraunabungum breiðum,  
og blóm þar gróa' í hverri laut.

Hvert er sem heyrir mér, dunar í djúpi?  
Dimmþrunginn reykurinn stígur af grund.  
Ránlyndur valurinn gáir af gnúpi,  
geigvænleg sér hann að komin er stund.

Steypast í hágljúfrum fossar, þar fljóta  
fannhvítir jakar með braki' og gný.  
Íþaktar gnípunar bönd af sér brjóta,  
bálið þeim ornar og glóandi þjóta  
björgin og hefjast hæðir í.  
Hátt gnæfir elding við koldimmt ský.

Þjóta' í lofti brunabrandar,  
brunnið grjót og fjarri landar.  
Innst til dala' og yst til strandar  
undir titrar grundin öll,  
Ægir jafnt sem jökulfjöll.

Og í undirdjúpi duna  
dynkir þungir, skriður bruna,  
glampar upp úr gjánni funa,  
gljúfra hrinur dimma borg,  
hátt við þruma ókennd org.

Ofan veltur ógnar bunga,  
elda glóðin, hraunið þunga,  
allt er loft með eiturdrunga,  
eymd og kvíði' í hugum rís,  
öll er neyð og voði vís.

Lítum rústir! Lágir hrundir,  
liggja bæir út um grundir.  
Ofur þungar ömurstundir  
er að líta slíka sjón.  
Allt er hrunið, allt er hrunið.  
Algert hrún, algert hrún og eignatjón.

Gnæfir í lofti, svartur að syrtir  
sortinn koldimmur, hvenær birtir?  
Hvert skal flýja voða þann er veldur,  
völdin þegar tekið hefur eldur?

Skimar drótt, og hljóðan hlýðir  
hlaðin raunum, illu kvíðir.  
Hvílík ógn! á feðra vorra fróni,  
fæst ei líkn í slíku voða tjóni?

Undrumst ei dunur, undrumst ei glóð,  
undrumst ei logi þó hvæsi af móð.  
Vaknaður er hann, þjóð vora' að þvinga,  
því skyldi' hún Hekla nú ei vera rjóð?  
Mennirnir daprir þar yfir þinga,  
þótt hafi löngum þrautvaldur eldur,  
þegar hún Hekla bálinu veldur.

Þögul, þreytandi tíð,  
þrokir í byggðinni stríð.  
Búandinn sveltur og sólar ei gætir.  
Sortinn og myrkrið á neyðina bætir.  
Skepnan í haga vafrar veik.  
Vatnið og loftið er spillt af reyk.

Hvað varð um blómin, hvað varð um blómin,  
hvað varð um blómin, sem blikuðu' á grund?

Þau hlutu' að deyja, þau hlutu' að deyja,  
þau þoldu eigi þá hörmungastund.

Stendurðu enn, Hekla, stendurðu enn,  
stendurðu' enn þó falli þér spád hafi menn,  
stendurðu enn þó falli spád þér hafi menn?

Dagar líða, dvínar glóð, döggin fellur nær  
allt sem áður eins mun bráðum nær og fjær.  
Og enginn þig sér á báli upp brennda,  
það bíður til veraldarenda.

## HLOTINN ER FRÍÐUR (Útför) (104)

Hlotinn er friður, ei hlýðir að kvarta.  
Hljóð við nú biðjum guðs eilífu náð.  
Líkna oss veikum, ljósið þitt bjarta  
lýsi oss ætíð og blessa vor ráð.  
Miskunn þín, drottinn sem mildina lær,  
miskunna sál þess er kveðjum nú hér,  
lífsins á veginn þú leið svo hún megi  
lifendum fagna í sælu hjá þér.

## HULDA (80)

Ég sá í draumi svarrafljóð,  
mér sortnaði fyrir augum.  
Ég heyrði fögur ljúflingsljóð  
þá lifnaði fjör í taugum.  
Þau dilluðu' og iðuðu' í draumvæðarblæ  
svo dátt mér í eyrum, það skilið ég fæ  
að viðsjált mun er álfa- logar eldur  
á Ísagrund, ég veit nú hvað því veldur.  
Ég varð sem undravaldi ofurseldur.

Ég gleymdi sorg og þungri þraut  
er þjáðu sálu mína.  
Því yndis besta nú ég naut  
við neistana ómsins fina.  
En órótt mér varð svo að æðin mín sló  
þá óvenju harðar að þótti mér nóg  
og viðsjált mun er álfa- logar eldur,  
á Ísagrund, ég veit nú hvað því veldur  
að varð ég undravaldi ofurseldur.

Hún slungin hló og sló í jó  
og slöngvaði til mín böndum  
en marksins klóin missti, þó  
hún mundaði slyngum höndum  
og burtu þá óðara reið hún svo reið  
að rauk undan hófunum skeiðin um breið,  
í skyndi hún hvarf í skuggann bak við eldinn  
enn skær þá lýstu norðurljósaveldin  
þá skipti um við huldu hulins feldinn.

## INNSÝN (70)

Í lautu hliðar leit ég fögur blóm.  
Mót ljósi sólar föngin smá þau breiddu.  
Með ilminn milda úða daggarhjóm  
þeir ótal litir blómum nær mig seiddu.

Og hvað var það sem heyrði ég og sá?  
Var hulið afl í blómarjóðri smáu?  
Svo glæstir litir glóðu blómum á  
sem gleði ómar svifu' í loftin bláu.  
(2/4)

## JÓLANÓTT (24)

Það blika við himininn leiftrandi ljós  
þau ljóma oss sofendum yfir,  
því vökum og sjáum að lífgjafinn lifir,  
lofkvæði' hann flytur og sigrinum hrós.  
Brunar í austri sem blikandi rós  
í bláhvelving friðboða stjarna.  
Söngva við heyrum, um sólvegu farna,  
söngvana engla, guðs himnesku barna.

Vér krjúpum í lotning og lútum nú hljótt  
við lausnarans komu til manna,  
vér krjúpum og lútum er lífið hið sanna  
ljósið oss flytur í niðdimma nótt.  
Lítum til himins og hefjum með þrótt  
vorn hug til englanna ranna.  
Hljómana vekjum með söngvana sanna,  
syngjum um friðinn og vonirnar manna.

## KVEÐJA (11)

Þá skulum við, vinir, nú skilja í dag.  
Að skilnaði fastlega heitum  
að sannleikans máluum sífellt í hag  
við samhuga friðarins leitum  
og oss gefi ráð  
guðs eilífa náð,  
svo aðstoð við öðrum þar veitum.

## KVELDBÆN (21)

Guð faðir, góða nótt  
gef oss að sofum rótt  
umvafin friði þíns anda.  
Veki' oss af værum blund  
vernd þín að morgunstund.  
Engan lát óvin oss granda.

## LANDNÁM (95)

Þá Ísland var eyja, sem enginn þekkti til,  
af engum skó var grundin niðurtroðin  
og það var víst um fjölmargra þúsund ára bil  
að þá hér ríkti hún Freyja og goðin.  
Í næði lifðu fuglar og fiskarnir í sjó  
og frjálst var goðalandið og klætt í grænan skóg.  
Er Freyja bauð þeim heim  
að feng og nógum seim  
og frelsishreim  
og fley að landi flutu  
en Freyjur höfðum lutu.  
(1/4)

## LOFGJÖRÐ OG BÆN (1)

Lífsins faðir lof sé þér,  
líf mér gefið hefur.  
Ljós þíns kærleiks lýsir mér,  
líknarörmum þínum mig um vefur.

Styðji mig þín sterka mund  
stríðs og harms í þrautum.  
Bend mér að ég alla stund  
áfram gangi' á þínum sigurbrautum.

Þegar loks mín lokast brá  
lít þú til mín niður.  
Leið minn anda þangað þá  
þar sem allt er ljós og líf og friður.

## LOFSÖNGUR (27)

Þér lof sé drottinn, ljósanna guð, vor guð,  
þú ljóssins byggir veldisstól.  
Vér tignum þig vor líknsami lífsins guð.  
Þú ljósi vermir jarðarból,  
það ljós er, guð, þín náðarsól.  
Þitt undramagn, það mikla haf  
sem máttinn öllu lífi gaf  
oss leiði hér frá líðenda þraut á braut  
til ljóssins hæða í sælu og friðarskaut.  
Þín vér leitum í bæn við ljóssins hljóð.  
Líkna oss guð við þinn hæsta dóm.

## LÓAN KEMUR (60)

Ég heyri ljóð þín lóa  
í ljósum himingim.  
Þú flytur vorið frjóa  
og fögnuð til mín heim  
og veðrið bjarta, blíða  
sem blik á vængjum tveim  
að milda' hinn stranga' og stríða  
vetrarstorm og kuldahreim.  
(1/3)

## MINNING (eftir barn) I (30)

Hve sæl þau sumarblómin  
er sólu blika mót  
en slyngur slær þau dauðinn  
og slitur þau af rót.

Því skulum við nú skilja  
við skinið hjart og hlýtt  
sem ætíð var hér öllum  
svo yndislegt og blítt.

Ó guð minn, láttu lýsa  
þitt ljós á blómið mitt  
sem fallið er að foldu  
það féll við hjarta þitt.

Þín bæri hönd við blómum  
sem bliknuð hníga' að grund  
svo ljúf þau fái að lifa  
og lengri friðarstund.

Og leyf mér, guð, að líta  
á lífi blómið mitt  
í ljóssins engla liði,  
sem lofar nafnið þitt.

Við hjarta mínu hræri  
þín hönd á mæðustund.  
Þín vernd, ó guð minn, vekur  
mér von um endurfund.

## MINNING (eftir barn) II (109)

Að heiman til friðar og ljósanna landa  
á ljósvængjum kvöldroðans barstu frá mér,  
nú dvelurðu' á blástjörnu hinnst fyrir handan  
í húminu sé ég þar geislann hjá þér.

Ó ef að þú vissir hve saknaði' ég sáran  
er sá ég þig horfna mín ástvinan kær  
þó finnst mér er líður hjá ljósvakabáran  
að leynistu með henni' og sért mér þá nær.

Til ljósanna björtu á landinu góða  
þinn liðinn er andi, svo ertu mér fjær  
og enginn þar skyggir nú skuggi nér móða  
er skín við þér ljóssins og friðarins blær.

## MORGUNN (3)

Nú ljómar dagur, ljósið skín  
svo leifturfagurt inn til mín.  
Þar ímynd guðs míns er mér sýnd,  
sú yndisfegurð geislum krýnd..

Það vekur mig til vinnu' í dag  
að vinni' ég minni þjóð í hag  
að öllu góðu' ég leggi lið  
að líkn ég veiti' og semji frið.

Með lífi drottinn ljós mér gaf  
í lífi' að því ég njóti af  
og þó að dimmi stutta stund  
það stöðugt lýsir réttan mund.

Og ennþá ljósið skæra skín  
svo skýrt og fagurt inn til mín,  
þar sé ég guðs míns sönnu mynd  
og sól í himintærri lind.

Ó leyf mér guð að lofa þig,  
þín líknin blessuð annast mig,  
ó gef oss drottinn góðan dag  
og gleði' og hvíld við sólarlag.

## MÓÐIR (107)

Blessaða móðir, við barminn þinn hlýja,  
þú byrgðir mig ungbarn í friði og ró,  
fann ég að ávallt með ástina nýja  
iðandi hjartað í brjósti þér sló.

Þjáður er leið ég af sjúkdómum sárum,  
sat um mig dauðinn með hvarflandi brá,  
glampaði ást þín í glitrandi tárur  
gleðivon sigurs, þín heitasta þrá.

Eins þegar lék ég, við lítið ég undi  
ljómaði' á brá þinni yndi og fró,  
óskin þín ein sú að meira ég mundi  
megna við aldur og hafa þá nóg.

Friður og hamingja blessun þér búi  
bið ég að leiði þig alföður hönd,  
að þér að síðustu englarnir hlúi,  
yfir þig flytji á sælunnar lönd.

## MUSICA (71)

Svo engilfríð og björt á brá  
mér birtist fyrsta sinni,  
hún strengi þýða stillti þá  
og strauk af listar inni.  
Þeir hljómar mér í minni  
æ munu að hinsta sinni.

Á þann ég tíðum hlýði hljóm  
um hljóðar vökunætur  
er hugsa' ég guðs um helgidóm  
er hugur annars grætur,  
sá ómur mér er mætur  
um myrkar vökunætur.  
(2/4)

## NÚ DAGSBRÚN HINSTA DVÍNAR (127)

Nú dagsbrún hinsta dvínar  
og dimman þokast nær.  
En vonir friðar vaka  
og vörður engla skær.

## NÝÁR (106)

Nú ár er liðið, annað nýtt í dag  
sem alda tímans rís og með sér dregur  
það allt sem lifir, huga vörn og hag  
en hulinn enn er nýja tímans vegur.

Oss leiði, guð, þín ljúfa föðurmund  
á leið til þinna björtu friðarsala,  
og veit þau öflin sterk á raunastund,  
er styrkja oss og þínum mála tala.

Og öllum björt hin nýja nýárs sól  
í nafni Jesú birtist þessu sinni  
og lyfti hug að þinnar stjórnar stól  
hann styrk og traust í nálægð þinni finni.

Þinn andi veiti anda vorum lið,  
svo allir til þín veginn rétta finni.  
Vor æfi, sem er aðeins stundar bið,  
sé ætíð falin vernd og miskunn þinni.

## PÁSKAR – PÁSKASÖNGUR (29)

Fögnum björtum dýrðardegi,  
dásemd friðar oss er boðin.  
Ennþá erum vér á vegi  
voðans hér og megnum smátt.  
Lútum drottins valdi og vilja  
verndar treystum hans og mátt.  
Ekkert látum oss að skilja,  
eining vor sé friður, sátt.  
Vöknum! Drottni veitum lotning,  
vöknum, sólin dagsins drottning  
dýrðleg skín.  
Sjáum loga ljósum björtum  
leiftrin benda vorum hjörtum  
upp til sín.

## RÖKKUR (49)

Er húmar og hallar af degi  
og harðviðrið næðir um sveit  
þá fegurri finnum við eigi  
en friðsaman heimilisreit.

Þar á hún sér verustað valinn  
hin veglega mannúðin kær  
með smávin í fanginu falinn  
er fanndrifið þekjuna slær.

Er utan að kennum við kælu  
við kynnumst þar aðeins um stund.  
Í rökkrinu' um sumar og sælu  
við syngjum og góðvinafund.  
(3/10)

#### SAKNAÐU EI MÓÐIR (44)

Saknaðu' ei móðir, því svefnhöfgi vær  
sveig mér í augu með draumsæið víða.  
Fögnuður englanna skín við mér skær,  
skínandi ásjónin lausnarans blíða.

Fagnaðu móðir, nú fengin er ró,  
friðurinn þreyði og dulskýið rofið,  
aflíð hið milda, sem bænin þín bjó,  
þar mig í rúm sem er glitgeislum ofið.

Bind ég þér kransa og blómsveiga gef  
blessaða móðir er til mín þú kemur.  
Þerra' af þér tárin og þig ég um vef  
þíðustu hljómunum er friðurinn semur.

Eins og þér elskan með leiftrandi ljós  
lýsa mun til mín og veginn þér greiða  
eins og þú hlúðir mun ilmandi rós  
ætið við veginn þinn faðminn út breiða.

Bærnirnar þínar mig baða sem ljós  
berast með geislum frá viðkvæmu hjarta.  
„Glyem mér ei“ eru og glitrandi rós,  
glitra sem perlur við sólstafi bjarta.

#### SJÓMENN (79)

Fyrir á öldum Fróns að ströndum  
frægir sóttu hreystimenn  
er þeir voru' að leita' að löndum  
langt um höf, og svo er enn.  
Síðan hafa' um allar aldir  
Íslands niðjar hafs um slóð  
verið djarfir tápsmenn taldir,  
trúir sjómenn vorri þjóð,  
meðal hinna mestu valdir,  
minnst er þeirra' í sögu' og óð.

#### STÓÐ ÉG Á BERGI (121)

Stóð ég á bergi, sú brúnin var há  
brotið var hvergi né veilu að sjá,  
risið úr djúpinu stuðlum það stóð  
stöðugt og hjúpað í briminu vóð.  
Leikur ljúf við stein  
lipur bára hrein  
ekki' í svifum sein  
svo er fleiri' en ein.  
Svífur að með ys  
aldan háum þys  
upp ef ein sú rís  
önnur þá er vís.  
En lengst niðri' í djúpinu stuðlaberg stóð  
og var stöðugt er hjúpað í briminu óð.

Beið ég þar hljóður og hlustaði við  
hlustaði' á óðinn sem brimsoganið  
utan í berginu kveinandi kvað  
kvað við svo bergið, ég meina nú það.  
Þegar afl við afl  
etur misjafnt tafl  
fellur skafl á skafl  
skelfur urðarhrafl.  
Svo er mannlífsmynd  
meinin æða blind.  
Röskur verst þeim vind  
vel, og af þér hrind  
og stattu sem bergið í brimóðum sjó  
látu bifa þér hvergi og halt þinni ró.

#### SUMARNÓTT (52)

Ég fór um nætur- fagra stund  
um fríða grund til dala,  
því hugmynd blíð mér lék í lund  
um lífið fjallasala.  
Þar glitruðu daggir sem glóandi ljós,  
það glóði' á hverri fjólu' og rós  
er nutu nætur svala  
en hljóðlega saman hjala  
þeir fuglar, í greinum, sem þar líf sitt ala.  
(1/4)

#### TIL DRAUMALANDSINS (116)

Nú sefur lauf og sumarrós  
og sæludrauma lofa  
og sofðu barn mitt, ljúfa ljós!  
mig langar nú að sofa  
og fylgdu mér um fjallaleið  
í fjarlægð út í heiminn  
um draumalöndin himinheið  
sem hæst í bláa geiminn.

Ég á þar ból sem enginn veit,  
þar aldrei kól í skugga  
og alltaf sól ég sömu leit  
er sorti' ei fól né mugga.  
Þeim háa, bjarta, himni frá  
ég heyri tóna blíða.  
Ég hvergi betra yndi á  
en á þann óm að hlýða.

#### TIL SÖNGGYÐJUNNAR (55)

Láttu nú gyðjan mín góða  
gígjunnar hljóma til mín  
berast, svo hingað ég heyri  
himnesku söngljóðin þín.

Lyft mínum anda frá láði,  
ljósið þar fegurra skín.  
Ávallt er þangað mín þráin,  
þar eru vonbýlin mín.  
(2/5)



## UM LÖNDIN ÞEGAR LÍÐUR (89)

Um löndin þegar líður  
hinn létti, hlýi blær.  
Hann svífur vængjaviður  
um vindalofnin tær  
og blómailminn býður  
og blítt við öllum hlær.

## VIÐ BJARGIÐ GRÁA (142)

Við bjargið gráa, himinháa  
þú hefir fáa vini' en skjól.  
Hver á þig smáa blómið bláa,  
þitt brosið dáa, milt við sól.

Ég er það blóm sem boðið er  
að bíða' og vaka eftir þér  
og fyrst þú hefir fundið mig  
þá farðu nú hægt og vara þig.

Því ef þú snertir blöð mín blá  
þau blikna og verða sinustrá.  
Þér vekur söknuð, sára neyð  
og sorg er veldur kvöl og deyð.

En ef ég lifi við ljós og sól  
minn litur eykst við frið og skjól.  
Þá sérðu er litur blóm mitt blátt  
hið blíða, góða og drottins mátt.

Við bjargið gráa, himinháa  
þú hefir fáa vini' en skjól.  
Ég á þig smáa blómið bláa,  
með brosið dáa, milt við sól.

## VIÐ FOSSINN (59)

Ég man þegar sá ég þig, sígræna lilja,  
við suðandi fossinn í hylðýpisgjá.  
En viðsjál mér þótti hin kvikbláa kylja,  
ég komst ekki til þín en vildi þér ná.

Það var sem þú litir mig leiftrandi augum  
er löngun mér vöktu og dáyndisþrá.  
Þín spegladist fegurð í ljósgeislalaugum  
er léku í úðanum berginu hjá.  
(2/7)

## VOR (110)

Upp til dala áður svalan yfir fönnum kól,  
þá í leynum þaut í greinum þyrrir víða' um ból.  
Nú er vorar nær ei þora næðingsspor og kuldablær.  
Fannir þána, fjöllin blána, fold og jörð við sólu hlær.

## VORKVELD (140)

Nú krýpur sól að bláum bárum  
og blóm í dvala höfðum lúta.  
En svalinn dreifir tærum tárur  
er tylla' á grös er oddum slúta.

## VORT FÓSTURLAND (85)

Vort fósturland við bjartan norðurs baug,  
þar bálar sól um júninætur.  
Í dvala eimur liðast yfir laug  
í ljósum geislum himintárum grætur  
og þegar greiðast norðurljósalin  
og leiftrin breiðast yfir vengin þín,  
vor fósturfold, þín finnst ei jafna nein,  
vor móðurmold, svo mjallahvít og hrein,  
um alla tíð þér yfir skín hins æðsta tignin há  
og ár og síð nær eins til þín vor innsta hjartans þrá.

## VÖGGUVÍSA (122)

Sofðu, góða barnið blíða.  
Bitur úti kuldi þýtur.  
Nóttin er svo lengi' að líða  
löngum þeim er svefnis ei nýtur.

Það er svo ljúft að sofa' um svartar,  
sorgar-, dimmar nætur.  
Við skulum heldur vaka' um bjartar  
vor- og sumarnætur.

Dreymi þig um daga blíða  
dýrð og frið í himinsölum.  
Sjáðu' um himin veldið víða  
vötnin tær og blóm í dölum.

Sjáðu hvernig döggin drýpur,  
dreypir vökva' á blómin smáu  
eða hvernig flugan flýgur  
fim og kvik um loftin bláu.

ÞEGAR VORAR (65)

Þegar vorar, vindar hlýir  
veifa skýjum yfir lönd.  
Heyrast sumarsöngvar nýir,  
sólin þíðir klakabönd.  
Líf sem bundið lá í dvala  
lítur undan fannabreið,  
grænka rindar, blómum bala  
binda linda um veikan meið.  
Fjallstinda' og fannasala  
fríð er mynd við loftin heið.

Eða þegar ljúfu ljóðin  
lóan syngur hátt í geim,  
þann við skiljum yndisóðinn  
er þá vorið komið heim,  
veðrin hlýna og vekja nýja  
vonarrós á dapra brá.  
Tíbrárlínur tign með hlýja  
titra um ósa, land og sjá.  
Þegar skín og skuggar flýja  
skæra ljósið himni frá.

ÞÍN LÍKN, Ó, DROTTINN (110)

Þín líkn, ó drottinn, ljós mitt er  
á lífsins göngu minni.  
Af hjarta þakka ég þér.  
Til þín allt traust ég ber.  
Ég fel mig forsjá þinni.

ÞVÍ BRÁSTU MÉR VON MÍN? (102)

Því brástu mér von mín sem bar ég í hjarta?  
Ég bjó þér svo veglegan stað.  
Ég hugði' að þú legðir mér brautina bjarta  
en brást mér, því gjörðirðu það?  
Því gjörðirðu það?

Og hvað ertu, von mín svo veik ei að treysta  
en viðkvæm og hverful í senn?  
Hve tæpt er að hyggja' á þinn tindrandi neista  
sem treysta þeir vonglöðu menn.  
Þeir vonglöðu menn.

Því er ég að kvarta mín kæra  
þó komi ekki allt mér í té?  
Þú ert svo sem vís til að veita  
mér velferð þó síðar sé.  
Já, þú ert svo vís til að veita  
mér velferð þó síðar sé.

ÆVINTÝRI SJÓMANNSINS (98)

Á ströndu ungur stóð ég  
og starði út á haf  
og háa sali hlóð ég,  
það huga byrinn gaf.  
En þangað var mín þráin  
að þroska manna sið  
og spekin ei, né spáin,  
var spurð hvað tæki við.  
En hratt þá rann, um hrönnu bjarta,  
hröðum byri, skeið.  
Ég skildi þá að hugað hjarta  
heldur sína leið.

Í vafa þá ei stóð ég  
og virti lítils orð.  
Í stað ei lengur stóð ég  
en stiklaði um borð.  
Í reiða hæsta ráin  
var reist, er vindur blés.  
Úr slögum leyst var sláin  
og slökuð út til hlés.  
Með þungan farm og þöndum voðum  
þá var lagt í haf  
og gnoðin rann á báru boðum.  
Byrinn nægan gaf.  
(2/8)

ANDVAKA (0)  
(2 erindi)

BÆN (0)

Ó sorg mína, guð minn, sjáðu  
og sendu mér hjálp í neyð  
svo aumkomnum lið mér ljáðu  
svo líknaðu mér í deyd.  
(1/3)

Greinargerð um rannsókn á  
nótnahandritum Ísólfs Pálssonar

# Greinargerð um rannsókn á nótnahandritum Ísólfs Pálssonar

Smári Ólason

4. apríl 2018.

## 1. Handrit Augusts Lundh.

August Lundh (1838-1916) var tónlistarkennari, kirkjutónlistarmaður og tónskáld í Svíþjóð. Frá 1869 til 1916 var hann m.a. organisti við Þýsku kirkjuna í Stokkhólmi. Lundh hefur verið fenginn til að raddsetja lög Ísólfs Pálssonar (Ís.P) í byrjun 20. aldar.

Samkvæmt númeraröð Lundhs hafa upprunalega verið a.m.k. 39 lög í handritinu. Af þeim hafa 20 varðveist í handritum Ís.P með 23 raddsetningum. Bera þau eftirfarandi númer frá hendi Lundhs en þær uppskriftir hans sem ekki er stuðst við eru sýndar í hornklofa. Í sviga er númer raddsetningar viðkomandi lags eins og það birtist í núverandi útgáfu:

[3.] 3b.(55) 4. 4b.(75) 5.(54) 6.(76) 8.(124)<sup>\*)</sup> 9.(25) 12. 12b.(24) 15.(32) 19.(2) 20.(31) 21.(56) 26.(6) 27.(12) 28.(57) 30.(7) [31.] 31b.(59) 33.(52) 36.(23) 38.(13) [39.] 39b.(60) og ?. (74)<sup>\*\*)</sup>.

*\*) Lundh hefur strikað yfir raddsetningu sína nr. 8 en P.Ís og fleiri hafa endurritað hana og birtist hún hér sem nr. 124.*

*\*\*) Í handritasafni Ís.P er radds. f. 4ra radda blandaðan kór sem í safni P.Ís er nr. 74, þ.e. lagið Landsýn (Af hafi sé ég). Það er merkt með bókstafnum L sem bendir til skv. öðrum heimildum að sé radds. eftir Lundh.*

Sé raðað eftir núverandi útgáfu (númerin í sviga) eru raddsetningar Lundhs eftirfarandi: 2. 13. 21. 23. 24. 25. 26. 27. 28. 30. 31. 32. 52. 54. 55. 59. 60. 74<sup>\*\*)</sup>. 75. 76. og 124<sup>\*)</sup>.

Eftirfarandi 19 númer af raddsetningum Lundhs fundust ekki í handritum Ís.P:

1. 2. 7. 10. 11. 13. 14. 16. 17. 18. 22. 23. 24. 25. 29. 32. 34. 35. og 37.

Gera má ráð fyrir að sumar af elstu raddsetningunum við lög Ís.P hafi upprunalega verið gerðar af Lundh en að það vanti heimildir þar um.

Í sumum tilfellum hafði raddsetningum Lundhs verið breytt í nýjum uppskriftum en í þessari útgáfu færði ég þær að mestu í upprunalegan búning skv. hans handritum.

## 2. Uppsetning:

Páll Ísólfsson tók upp á því að skammstafa nöfn þeirra feðga sem Ís.P fyrir Ísólfr og P.Ís fyrir sig. Sú aðgreining á þeim feðgum er notuð hér. Aðrar skammstafanir eru radds. (raddsetning) og f. (fyrir).

Nokkrum árum eftir lát föður síns skrifaði P.Ís upp 122 lög eftir hann og setti saman í eitt hefti. Við gerð þessa samansafns laga eftir Ís.P var farið að mestu eftir þessari uppskrift P.Ís. Með tilliti til frumgagna Ís.P er raddsetningum stundum breytt og augljósar prentvillur eru leiðréttar. Einnig eru á nokkrum stöðum gerðar breytingar með tilliti til réttar hljómfraði.

Við Gylfi höfum samræmt lög sem voru skráð hjá P.Ís með mismunandi númerum í mismunandi myndum í sömu númerin. Þar má t.d. benda á lagið „Bræðrakveðja“ sem hjá P.Ís var í 3 útgáfum nr. 36, 45 og 46. Þessi lög fengu númerin 45.a, 45.b og 45.c. Til að halda númeraröðinni settum við önnur lög en þau sem voru í uppskrift P.Ís 1-122 inn í þessi númer sem losnuðu, hér nr. 36 og 46. Í sumum tilfellum höfum við líka bætt við öðrum raddsetningum af sama laginu, t.d. þegar lag hjá P.Ís er skrifað fyrir 4ra radda blandaðan kór og í gögnum Ís.P finnst raddsetning fyrir karlakór þá fær lagið eins og það er hjá P.Ís greininguna .a fyrir aftan númerið en viðbótarnúmerin fá þá greininguna .b, .c o.s. frv.

Lögum sem skrifuð voru út sem 4/8 var breytt í 2/4. Áttundapartsnótur eru tengdar saman með bjálka. Komi nýtt vísuorð á seinni áttundapartsnótuna er bjálkinn felldur niður. Sé sama atkvæði textans á tveimur eða fleiri áttundapartsnótum eru þær tengdar með boga.

Þar sem stendur: „Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni.“ er átt við að útsetningin sé eftir P.Ís skv. handritum Ís.P eða að hann hafi lagfært hana að hluta.

Lög frá 123 til 144 voru ekki með í uppskrift P.Ís og eru heimildir fyrir þeim mjög mis góðar. Sumt af þessum lögum eru drög, þ.e. Ís.P hefur skrifað þau upp sem fyrstu hugmyndir en ekki unnið þau frekar. Lög nr. 133, 136, 138, 140, 141, 142 og 144 eru eingöng til ljósrituð eftir frumgögnum Ís.P og ég vann þau því eftir ljósritum af þeim ljósritum. Heppilegra hefði verið að fara eftir fyrstu ljósritunum en því miður vannst ekki tími til þess.

Lokasetning við hvert lag á við um breytingar eða leiðréttingar laganna og uppskrift þeirra á stafrænt form, t.d. vegna niðurfellingu boga, leiðréttinga skv. frumgögnum, leiðréttinga á greinilegum ritvillum og hljómfraðilegra breytinga.

Í fjögurra radda raddsetningum, hvort sem þær eru frjálssar raddsetningar eða raddsetningar fyrir blandaðan kór eru raddirnar skilgreindar í athugasemdum sem sópran - alt - tenór og bassi. Í karlakór eru þær skilgreindar sem 1. tenór - 2. tenór - 1. bassi og 2. bassi.

Hljóðfæri Ís.P var harmóníum orgel. Tónninni slíku hljóðfæri heldur áfram að hljóma svo lengi sem snertlinum er haldið niðri og því var algengt hjá Ís.Pað binda sömu nóturnar í hverri hendingu með bogum. Í öðrum hljómborðshljóðfærum eins og t.d. píanóum og flyglum er strengurinn sleginn með hammri og tónninn deyr út þó svo að snertlinum sé haldið niðri. Í öllum sálmasöngsbókum 20. aldarinnar (t.d. 1936) voru bindingar ekki skráðar inn í nótnamyndina og því förum við hér eftir sömu reglu og höfum við fellt niður alla boga nema þar sem þeir eru hluti af tónsmíðinni sjálfri. Þeir sem spila á orgel eða harmóníum hljóðfæri kunna að beita þessari binditækni án þess að hún sé skrifuð inn í nótnamyndina.

Breytingar og lagfæringar á stafrænu útskriftinni eru skráðar eftir þyngdarröð: Engar, Minniháttar, Nokkrar, All margar, Töluverðar, Töluverð yfirlega og Töluvert miklar.

Í tilvitnunum um sálma í Sálmaþókum íslensku Þjóðkirkjunnar er fyrri talan skv. Sálmaþókum eftir árið 1886 og fyrir 1945 en seinni talan í útgáfum þeirra eftir árið 1972.

- 1 Lífsins faðir lof sé þér  
Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Önnur raddsetning er í A02 eftir P.Ís. Minniháttar breytingar.
- 2 Góður engill Guðs oss leiðir  
Staðfest að raddsetning er eftir Lundh no 19.Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 3 Morgunn (Nú ljómar dagur)  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni.Tileinkað VI. gráðu í Frímúrarareglunni. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór.  
Skv. Skráningu Ís.P er lagið samið 1921. 3. hending í þessu lagi Ís.P er nákvæmlega eins og í lagi Þorvaldar Blöndals, „Nú sefur jörðin sumargræn“. Árið 1921 hefur Þorvaldur sem var fæddur 1903 verið 18 ára en Ís.P 50 ára.Ég tel því réttara að álykta sem svo að Ís.P hafi fyrst komið með þessa hendingu. Ís. P hefur líka sett textann „Hvað boðar nýárs blessuð sól“ við þetta lag. Minniháttar breytingar.
- 4 Eitt á enda ár vors líf er runnið  
Studdist við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 5 Ég horfi yfir hafið  
Studdist við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.

- 6 Gakk inn í herrans helgidóm  
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 26. Studdist við A02. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Nokkrar breytingar.
- 7 Sá ljósi dagur liðinn er  
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 30 í 3/4. Studdist við A02. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Í B10 er lagið skrifað út í 6/8 og í tóktum 15-17 skv. 3/4 útskriftinni er breytt raddseting. Minniháttar breytingar.
- 8 Verði ljós. verði hér ljós!  
Studdist við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 9 Það er svo oft í dauðans skuggadölum  
Studdist við A02. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Önnur raddsetn. í B08. Töluverðar leiðréttingar á texta við nóturnar.
- 10 Sjá þann hinn mikla flokk sem fjöll  
Studdist við A02. Raddsetn. f. 4ra radda blandaðan kór. Breytingar í 3. og 7. takti skv. A02.1, B08 og B10. Breyting í 11. takti skv. A02.1. Önnur radds. í A02.2. Nokkrar breytingar.
- 11 Kveðja (Þá skulum við, vinir, nú skilja í dag)  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 12 Við freistingum gæt þín  
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 27. 4/4 breytt í 2/4. Studdist við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Ein hljómfraðileg breyting til að koma í veg fyrir samtígar einundir í bassa og tenór: 7. taktur 1 tenór b 1/4 í stað b punkteraður 1/8 og a 1/16, unisono með bassa. Minniháttar breytingar.
- 13 Sem vorsól ljúf, er lýsir grund  
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 38. Studdist við A02, hrynræn breyting frá Lundh í 1. takti. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Nokkrar breytingar.
- 14 Ó, Jesú bróðir besti  
Studdist við A02. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 15 Þú guð, sem stýrir stjarna her  
Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Studdist við A02 og B10. Blöð með öðrum raddsetningum sem rissblöð. Nokkrar breytingar.
- 16 Þinn sonur lifir  
Studdist við A02. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 17 Hin fegursta rósín er fundin  
Studdist við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 18 Ó, blessa, guð, vort feðrafrón  
Studdist við A02. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Veruleg frávik í 14. og 15. takti í B08. Minniháttar breytingar.
- 19 Hátt ég kalla, hæðir fjalla

- Studdist við A02. Raddis. f. 4ra radda blandaðan kór. Smávægileg breyting í 8. takti skv. B08 og B10. Önnur raddsetn. í A02.2. Nokkrar breytingar.
- 20 Lyftum hug í hæðir  
Studdist við A02 og B08. Raddis. f. 4ra radda blandaðan kór. Breyting frá P.Ísskv. A02 og B08 í 12. takti 1, as í bassa afturkallað sem a (augljós prentvilla). Minniháttar breytingar.
- 21 Guð faðir, góða nótt  
Studdist við A02 og B08. Raddis. f. 4ra radda blandaðan kór. Breyting á P.Ís í 6. takti 2, des sem 1/8 í alt heldur sér en er ekki c (augljós prentvilla). Lag nr. 108 ber einnig heitið Kveldbæn, en texti þessa lags passar ekki við það. Minniháttar breytingar.
- 22 Á föstudaginn langa (Ég kveiki' á kertum mínum)  
Studdist við B10. Raddis. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 23 Sælir eru þeir sem heyra Guðs orð  
Staðfest að raddis. er eftir Lundh no 36. Þessi raddis. er að mestu fyrir 4ra radda blandaðan kór, í 1., 9. og 14. takti syngur bassinn heilnótu á móti fjórum 1/4 parts nótum í efri röddunum. Í 9. takti 3. atkvæði breyti ég fíis í h í tenór og í 14. takti 3. atkvæði breyti ég h í tenór í e þar sem þessi hljómar voru mjög „tómir“ (þ.e. án þríundar) á áhersluatkvæði. Önnur raddis. í B10. Minniháttar breytingar.
- 24.a Jólanótt  
Staðfest að raddis. er eftir Lundh no 12. Raddis. f. 4ra radda blandaðan kór. Skv. Lundh og B09 leiðrétti ég P.Ís í 20. takti 4 í alt sem fíis en ekki e. Á tveimur öðrum stöðum er mismunur á raddsetningu hjá P.Ís og Lundh. Í 27. takti 1 er bassinn hjá Lundh með 1/2 nótu cís en hjá P.Ís er hún 1/2 d. Þar sem raddsetning P.Ís er betri hef ég látið hana standa. Í 30. takti 1 er hjá P.Ís 1/2 nóta fíis en hjá Lundh e sem ég breyti.  
Lagið er hjá Lundh í E-dúren neðanmáls mælir hann með því að flytja það í G-dúrog á öðru blaði skrifar hann þannig upp fyrstu þrjú taktana. Að okkar dómi væri það full hátt svo við ákváðum að hafa það með í F-dúr. Styrkleikabreytingar skv. B09. Töluverðar breytingar.
- 24.b Jólanótt  
Sjá 24.a, flutt í F-dúr.
- 25 Sönglag án texta (hjá P.Ís Prelúdía)  
Staðfest að raddis. er eftir Lundh no 9. Breytt úr 4/8 í 2/4. Þar sem það vantar textann er raddsetningin ekki passandi sem 4ra radda fyrir blandaðan kór nema að hafa textann upp á innsetningu boga o.s.frv. Þetta lag hefur upprunalega verið samið við texta sem nú er týndur enda hefur Lundh skráð það sem raddsetningu fyrir 4ra radda blandaðan kór. P.Ís hefur kallað það „Prelúdía“ sem er algjört rangnefni. Fyrstu 5 taktarnir eru forspil, í 5. takti 2. atkvæði byrjar kórsöngurinn og í tóktum 18-21 kallast sóp. ten. og alt á. Skv. Lundh set ég inn endurtekningarmarki á takta 19-29.  
Í 2. takti á 2 er prentvilla cís í alt hjá P.Ís, leiðrétt skv. Lundh í h. Töluverðar breytingar.
- 26 Er þagnaðar kliður  
Studdist við B08. Laglína með frjálsum undirleik, nokkuð skrítið lag. Til eru 5 mismunandi raddsetningar við það. Í A02 sem er ónothæf raddsetning stendur ártalið 1931 en í B08 stendur 1934. Í 2. takti á 2 kemur fram stæ 2 (stækkuð tvíund) í tenór, es-fíis, sem er yfirleitt ekki talin vera góð raddsetning. Töluverðar breytingar frá P.Ís, mjög erfitt að komast að endanlegri niðurstöðu. Verulegar breytingar.

- 27 Lofsöngur (Þér lof sé drottinn)  
Studdist við A02 og uppskrift Sigurðar Ísólfssonar frá 1947 á þessu lagi við annan texta, alls eru 3 tatar til við þetta lag. Radd. f. 4ra radda blandaðan kór. Í uppskrift P.Ís vantaði 10. takt sem er samhljóma 2. takti. Texti Ísólfs og lagið eru frá 1927, en árið 1929 gerði Freysteinn Gunnarsson annan texta sem hefur verið notaður með þessu lagi í Frímúrarareglunni. Uppskrift P.Ís er í C-dúr. Alls eru 18 handrit í safni Ís.P með þessu lagi, þar af eru 8 í Des-dúr, 5 í C-dúr, 2 í Es-dúr, 2 í H-dúr og 1 í As-dúr þannig að Ís.P virðist hafa verið að finna út hvað passaði best fyrir blandaðan kór. Í Söngbók Frímúrara er karlakórsútsætning á þessu lagi í D-dúr. All nokkrar breytingar.
- 28 Bæn  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsætningunni. Studdist við B08. Laglína með frjálsum undirleik fyrir harmóníum hljóðfæri með tilheyrandibogum og bindingum þar sem sameiginlegum nótum er haldið niðri, oft eins lengi og þær hljóma innan hvorrar hendingar. Umbreyting mín er fyrir píanóleik með tilheyrandi niðurskurði á bindibogum. Veruleg frávik frá frumriti. Neðanmáls má sjá skrifleg skilaboð Ís.P til P.Ís um að hann hafi óbundnar hendur um breytingar á taktskipam með meiru. All nokkrar breytingar.
- 29 Páskasöngur  
Studdist við B08 t.d. með styrkleikabreytingar. Radd. f. 4ra radda blandaðan kór. Setti inn texta í tóktum 23 til 26 til þess að hægt væri að flytja þetta lag. Í 28. takti 3 verður að setja inn fasta formerkið fyrir dís í bassa vegna þverstæðu d í tenór á 4. Verulegar breytingar.
- 30 Minning (eftir barn)  
Studdist við A02. Radd. f. karlakór. Í 7. takti 3 hjá P.Ís. stendur dís í bassa, þess vegna verður að vera afturköllunarkerki fyrir d í tenór á 6 í sama takti (þverstæða). Minniháttar breytingar.
- 31 Aldamótin (1900)  
Staðfest Lundh no 20. Studdist við B10. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þetta er raddsetning f. karlakór. Í tímaritinu Frækorni, 6.útg. 21. tbl. 30. nóvember 1905 á bls. 177 er önnur radd. með sama texta líka fyrir karlakór. Leiða má líkum að því að þetta sé eldri raddsetning en sú sem Lundh gerði. Texti lagsins skiptist í 4: 11 11 11 11, samtals 44 atkvæði. Alls eru frávik í raddsetningu Lundhs á 19 atkvæðum, eða um 43%. Í heild sinni er raddsetning Lundhs betri. Í B08 og B10 eru líka aðrar radd. Nokkrar breytingar.
- 32 Andvökunætur  
Staðfest Lundh no 15. Studdist við A02. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þetta er radd. f. karlakór. Í B02 er radd. f. blandaðan kór í f-moll. Nokkrar breytingar.
- 33 Þögla nótt  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsætningunni. Studdist við B08 og B10. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þetta er radd. f. karlakór. Í 10 takti 4 stendur í sópran afturkallað d svo það vantaði fasta formerkið fyrir des í sópran í 11 takti 3. Nokkrar breytingar.
- 34 Til fánans  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsætningunni. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þetta er radd. f. karlakór. Studdist við B08 og B10 og breytingar gerðar skv. þeim. 8. taktur 4 og í alt er 1/16e og í 10. takti 1 í sópran á að vera afturköllun á cís: 1/2 c (breyting í G-dúr). Nokkrar breytingar.
- 35 Eg elska yður, þér Íslands fjöll  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsætningunni. Það kemur ekki fram hjá



P.Ís að þetta er radd. f. karlakór. Studdistvið handrit B10. Í 3. takti á 4 er eftirá breyting hjá P.Ís þar sem 2. bassi tvöfaldar nótuna c, við það myndast í næsta hljómi samstígg fimmund (//5) milli 2. tenórs og 2. bassa. Ég læt því bassa halda punkteruðum fjórðaparti á 3 eins og stendur upprunalega hjá P.Ís. Þessa breytingu hans á radd. er ekki að finna í B10.1 en er í B10.2 og B10.4. Nokkrar breytingar.

- 36 Júlínótt (Nú máttu hægt um heiminn líða)  
Ekki með hjá P.Ís. Stuðst við handrit Ís.P og B09. Í 2. takti 7-8 er mjög stríður hljómur sem ég læt standa. Í 8. takti 3-4 stökkva bassi og tenór um samstíga áttund (//8) c - f. Ég breytti því tenórnum þannig að hann heldur tóninum c á 4. Í sama takti er skrifað bassi g, tenór d, alt g og sópran d. Þetta er því þríundarlaus G-(dúr) þríhljómur. Ég breytti því tenór h til að fá fullkominn þríhljóm.  
Á þessu númeri var 45.a í Es-dúr
- 37.a Ég gekk í björg  
Var P.Ís. nr. 39. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B09. Hér radd. P.Ís einsöng í tenór með einfaldri radd. f. karlakór (að mestu leyti hummað undir). Ég setti inn uppskiptan texta fyrir karlakórinn svo að betra væri að flytja þetta lag. All nokkrar breytingar.
- 37.b Ég gekk í björg  
Radd. Jóns Ásgeirssonar á lagi nr. 37, hér fyrir einsöng, blandaðan kór og píanóundirleik. Minniháttar breytingar.
- 37.c Ég gekk í björg  
Var P.Ís nr. 37. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þetta er radd. f. karlakór. Studdist við A02. 26. taktur 2 alt breytt frá 1/8 a í h skv. öðrum handritum. Bætti inn texta í tóktum 7 og 8 og 15 og 16 svo hægt væri að flytja lagið.
- 38 Ísland  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þessi radd. hans er f. karlakór. Í 7. takti 2 og 3 skrifar P.Ís bæði laglínu og hljómsetningu öðru vísi en er í handritum Ís.P2xA02, B08 og B10. Ég breyti því þessum taktliðum skv. þeim handritum. Nokkrar breytingar.
- 39 Harpan mín (Á þilinu hangir harpan mín)  
Ekki með hjá P.Ís. Raddsetning fyrir karlakór. Kom frá skjali B-1 og B09 sem er skrifað út ásamt nokkrum öðrum lögum og hefur líklega verið gefið út. Nokkrar breytingar.  
Á þessu nr. var 37.a
- 40 Einmál  
Studdist við B08. Nokkuð sérstök raddsetning Sigurðar Þórðarsonar. Minniháttar breytingar.
- 41 Hreiðrið mitt (Þér frjálst er að sjá)  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Stuðst við B08. Raddsetn. P.Ís f. tenór með undirleik hamóníums. Margir bogar fjarlægðir. Í A02 er önnur úts. eftir Ís.P og í öðru handriti útsetning sem er nokkuð frábrugðin. Minniháttar breytingar.
- 42 Krummi svaf í klettagjá  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Skv. Fjólu 21 og B08. Fyrir utan 5. takt er lagið skrifað sem radd. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.

- 43.a Fjallkonan  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt raddsetningunni. Studdist við B10 26 a. Þessi raddsetning fyrir margraddaðan kór er of flókinn fyrir 4ra radda blandaðan kór, mjög algengt er að þar séu 5 og 6 raddir og allt upp í 7 raddir á sama hljómunum. Í tóktum 36 til 38 gekk úts. P.Ís ekki upp fyrir blandaðan kór og því lagfærði ég þann hluta raddsetningarinnar aðeins til. Verulega miklar lagfæringar.
- 43.a <sup>2</sup> Fjallkonan  
Ég einfaldaði úts. P.Ís þannig að nú er hún fyrir 4ra radda blandaðan kór, þess vegna set ég stafina mína fyrir aftan nafn P.Ís. Í B10 og A02 eru aðrar útsetningar á þessu lagi sem Ís.P hefur gert fyrir blandaðan kór. All verulegar breytingar.
- 43.b Fjallkonan  
Raddsetning P.Ís fyrir karlakór. Ég einfaldaði aðeinsraddsetningu hans án þess í raun að breyta neinu. Minniháttar breytingar.
- 44 Saknaðu' ei móður  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við A02. Frjáls útsetning með forspili. Lagið er í 6/8 og byggist að mestu á punktararði 1/8 parts nótu, 1/16 parti og 1/8 parti. Þetta móttív kemur 4 sinnum fyrir í forspilinu og 9 sinnum í laginu sjálfu. Í 9., 11. og 13. takti skrifar P.Ís 3 jafnar 1/8 parts nótur. Í gögnum Ís.P eru þessir staðir skrifaðir eins og á öðrum stöðum og því breytti ég þeim. Í A02 og B08 eru aðrar raddsetningar, t.d. einsöngur með undirleik. Nokkrar breytingar.
- 45.a Bræðrakveðja (Liðinn er dagur)  
Var P.Ís nr. 36 í Es-dúr, hér sama útsetning í F-dúr. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B10 og niðurskrift Sigurðar Ísólfsssonar á þessu lagi frá árinu 1947. Laglína með frjálsum undirleik. Nokkrar breytingar.
- 45.b Bæðrakveðja (Liðinn er dagur)  
Var P.Ís nr. 46. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þetta er radds. f. karlakór. Studdist við B20 og niðurskrift Sigurðar Ísólfsssonar frá árinu 1947. Minniháttar breytingar.
- 45.c Bræðrakveðja (Liðinn er dagur)  
Var P.Ís nr. 45. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt radd-setningunni. Raddsetning fyrir einsöng með mjög skrautlegu píanospili. Studdist við B10 og niðurskrift Sigurðar Ísólfsssonar frá árinu 1947. Nokkrar breytingar.
- 46 Kvöld / Kveldljóð  
Var ekki í handriti P.Ís. Þessi 4ra radda raddsetning f. blandaðan kór kemur frá handriti B-26. Á þessu nr. var 45.b.
- 47 Haust (Nú hnígur sól)  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Það kemur ekki fram hjá P.Ís að þetta er radds. f. karlakór. Skv. B08 breytir P.Ís raddsetningunni í tóktum 20 til 23. B10.65 er önnur útsetning. Minniháttar lagfæringar.
- 48 Mon nogen dadle  
Staðfest að P.Ís hefur raddsett þetta lag. Stuðst við B08. Laglína með frjálsum undirleik. Lagið er samið 1928 við texta Ludvigs E. Kaaber og tileinkað honum. Textinn er skv. frumriti LEK frá 1927. Ís.P hefur líka skráð þetta lag með heitinu „ Eitt vinhlýtt orð“ en sá texti hefur ekki

fundist. Minniháttar lagfæringar.

- 49 Rökkurró  
Stuðst við A02 og Fjólu bls. 31.Laglína með frjálsum undirleik. Minniháttar lagfæringar.
- 50.a Það árlega gerist  
Stuðst við B10 og Fjólu bls. 5. Laglína með frjálsum undirleik. Þetta lag er til í mörgum raddsetningu. B08 önnur raddsetning, B09 og B10 4ra radda undirleikur, B09 söngur með undirleik, B09 karlakórsútsetning, B09 raddsetning f. blandaðan kór.Nokkrar lagfæringar.
- 50.b Það árlega gerist  
P.Ís nr. 89. Studdist við B09. Radds. f. karlakór mjög líklega eftir Sigurð Þórðarson (S. Þ.). Minniháttar lagfæringar.
- 51 Tinda fjalla ég sé alla  
Er ekki í handriti P.Ís. Kemur frá einu af þremur handritum sem ekki er vitað hver hefur skrifaði niður, hér það neðra af tveimur lögum á sama blaði. Þetta er raddsetning P.Ís fyrir karlakór en er nokkuð sérstæð.Á þessu nr. var 43.a. Minniháttar breytingar.
- 52 Sumarnótt  
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 33. Studdist einnig við Fjólu bls. 24 og B10. Laglína með frjálsum undirleik.All nokkrar breytingar.
- 53 Hin dimma, grimma hamrahöll  
Þetta er lang viðamesta verk Ís.P, radds. f. tenór og karlakór með píanóundirleik. Draga má þá ályktun að Sigurður Þórðarson hafi gert hana. Eins og öll önnur verk hjá P.Ís skrifaði hann texta lagsins ekki niður. 1. Próförk af laginu var því með mjög takmörkuðum texta. Gylfa tókst að finna handrit með textanum og var þá allt lagið endurunnid. Í útskrift er lagið á 11 síðum. Í nokkrum tilfellum þurftum viðað lagfæra ritvillur sem voru augljósar með tilliti til samræminga á öðrum stöðum í verkinu. Þetta var eitt erfiðasta lagið í safninu. All verulegar lagfæringar.
- 54 Sönn ást (Ást til guðs og góðra manna)  
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 5. Studdist við Fjólu bls. 11. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar lagfæringar.
- 55 Til sönggyðjunnar  
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 3. Studdist við B10 og Fjólu bls. 23.Laglína með frjálsum undirleik. Minniháttar lagfæringar.
- 56 Draumur hjarðsveinsins (Í birkilaut hvíldi ég)  
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 21. Studdist einnig við Fjólu bls. 15 og B10. Í uppskrift P.Ís voru fyrstu 9 taktarnir skrifaðir út fyrir hljóðfæraleik en síðustu 7 taktarnir fyrir blandaðan kór. Ég breytti því allri radds. í útskrift f. blandaðan kór. Upphaflega samdi Ís.P þetta lag við sálm nr. 589 í gömlu sálmabókunum, „Guð faðir sé vörður og verndari þinn,“ eftir Valdimar Briem, en með texta Steingríms Thorsteinssonar er þetta best þekkta lag Ís.P. Nokkrar breytingar.
- 57.a Vögguvísa  
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 28. Studdist einnig við Fjólu bls. 13 og B10.Radds. er í D-dúr 4ra radda. Lundh tekur það fram, að þetta lag megi syngja einradda með undirleik í D-dúrnum en vísar til þess að fyrir 4ra radda blandaðan kór eigi að syngja það í A-dúr

og skrifar þannig út fyrstu tvo taktana. Að mati okkar Gylfa er það full hátt svo við förum millileiðina og birtum það líka í F-dúr. Lundh bendir líka á að hægt sé að syngja þetta lag í raddsetningu fyrir karlakór og skrifar upp fyrstu fjóra taktana í C-dúr. Sú raddsetning finnst ekki. Minniháttar lagfæringar.

- 57.b Vögguvísa  
Sjá hér að ofan, raddsetning fyrir 4ra radda blandaðan kór.
- 58.a Fjólan  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08 og Fjólu nr. 25. Lagið var skrifað út fyrir harmóníum með tilheyrandi bindingum á nótum í sömu hendingunum. Ég breytti því í undirleik fyrir píanó. Minniháttar lagfæringar.
- 58.b Fjólan  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Radds. f. einsöng með undirleik harmóníums. Studdist við B08. Ég breytti undirleiknum fyrir píanó með því að fella niður bogana. Minniháttar lagfæringar.
- 59 Við fossinn  
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 31b. Studdist við B10. Í fyrstu 16 tóktum lagsins er raddsetning neðriraddannar skrifuð út að mestu sem frjáls undirleikur en í upptakinum að 17. takti til 20. takts er raddsetningin skrifuð út fyrir blandaðan 4ra radda kór. Breytingar mínar frá raddsetningu Lundhs eru:  
3. taktur 1: Bassi er  $2 \times \frac{1}{8}$  nótur f - g en tenór er tvöfaldaður sem  $1 \times \frac{1}{16}$  as. Til að forðast samstíga áttund ( $//8$ ) milli tenórs og bassa væri as tónninn skrifaður inn á 1og bæti ég þar við í tenór  $1 \times \frac{1}{16}$  nótu b.  
6. taktur 2 : Alt  $2 \times \frac{1}{8}$  as verður að  $1 \times \frac{1}{4}$  as.  
Hjá Lundhs er líka að finna aðra ófullkomna raddsetningu á no 31. þar sem hann skrifar fyrri hlutann út í tveimur röddum en án undirleiks og radds. í kórkaflanum er öðruvísi.  
Nokkrar lagfæringar.
- 60 Lóan kemur (Ég heyri ljóð þín lóa)  
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 39. Reyndar eru tvær töluvert mismunandi raddsetningar við þetta lag hjá Lundh. Tveir textar, annar eftir Freysteinn Gunnarsson sem er skrifaður hér undir laglínunni og hinn eftir Ís.P. Stuðst er við B10 og Fjólu bls. 10 sem líka er með textanum eftir Freysteinn. Laglína með frjálsum undirleik. Nokkrar breytingar.
- 61 Tímarnir líða  
Studdist við A02 og Fjólu bls. 27. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar lagfæringar.
- 62 Á myrkraslóð  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B10 og Fjólu bls. 32. Fyrst 10 taktarnir eru mjög nálægt því að vera skrifaðir út fyrir 4ra raddablandaðan kór en síðari 11 taktarnir eru skrifaðir út fyrir 4ra radda blandaðan kór. Ég breytti því radds. þannig að hún er nú öll fyrir blandaðan kór. Nokkra breytingar.
- 63 Yfir djúpi  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08 og Fjólu bls. 16. Laglína með frjálsum undirleik. Nokkrar breytingar.
- 64 Sumar (Nú brosir vorsólin blíð og góð)  
P.Ís skrifar taktvísinn sem  $\frac{3}{4}$  en þetta er greinilega lag í  $\frac{6}{8}$  eins og það stendur í Fjólu

- bls. 4 svo ég breytti því. Studdist einnig við B10.Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Nokkrar breytingar.
- 65 Þegar vorar  
Studdist við B08 og Fjólu bls. 22. Laglína með frjálsum undirleik. All nokkrar lagfæringar.
- 66 Austurfjöll (Þið ljómið heið og breið)  
Stuðst við B10 og Fjólu bls. 14. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Nokkur mismunur er á bæði leiðbeingarorðum og styrkleikamerkjum í ýmsum handritum af þessu lagi. Sem dæmi má nefna að í Fjólu stendur í upphafi Con modo en hjá P.Ís og í öðrum handritum stendur Commodo. Minniháttar lagfæringar.
- 67 Til fjalla (Án texta)  
Radds. f. karlakór. Lag þetta er ekki nema 8 taktar. Endurtekning er frá byrjun og eru tveir síðustu taktarnir( 2. volta) þá nokkuð frábrugðnir því sem stendur í 1. volta. Í handritum Ís.P er þær skrifaðar ýmist mismunandi eða eins, en við Gylfi ákváðum að hafa þessa takta mismunandi. Breyting á 1. Volta skv. A02. All nokkur yfirlega.
- 68 Á útleið (Nú lækka ljósir tindar)  
Studdist við Fjólu bls. 20. Laglína með frjálsum undirleik. Hjá P.Ís og í nokkrum handritum er lagið í Es-dúr en í Fjólu og öðrum handritum er það í C-dúr. Ég breytti því þess vegna í C-dúr. Í 5. takti koma fyrir opnar samstígar fimmundir (/5) milli bassa og tenórs. Ég lét það standa þó svo að þetta sé ekki leyft í klassískri hljómfræði. Nokkrar breytingar.
- 69 Á heimleið (Hve bjart að líta þig)  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni.Í 13. takti 1 koma fyrir 6 raddir og á 6 5 raddir. Studdist við A02 og B08. Laglína með frjálsum undirleik. Við Gylfi þurftum að hafa töluvert fyrir textanum þar sem hann var til í ýmsum myndum. All nokkrar breytingar.
- 70 Innsýn (Í lautu hlíðar)  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við A02 og Fjólu bls. 29. Raddsetningin var dæmigerð með öllum sínum bogum fyrir harmóníum undirleik. Breytti því í undirleik fyrir píanó. Nokkrar breytingar.
- 71 Um aftanstund  
Studdist við Fjólu bls. 30. Laglína með frjálsum undirleik fyrir harmóníum með öllum sínum bogum. Breytti því í útsetningunni fyrir píanó. All nokkrar breytingar.
- 72 Vorgyðjan kemur  
Studdist við B08 og Fjólu bls. 9. Laglína með frjálsum undirleik fyrir harmóníum með öllum sínum bogum. Breytti því í útsetningu fyrir píanó.  
Í ljósriti af tveimur blöðum (B08) eru tvær samhljóma lagerðir með öðru lagi við þennan texta. Ég lít svo á að þetta sé frumgerð af því lagi sem hér er prentað. Nokkrar breytingar.
- 73 Til sönggyðjunnar (Láttu nú gyðjan mín góða)  
Studdist við B10. Laglína með frjálsum undirleik, stundum meira en 4 raddir. Í 3.takti kemur auka millirödd milli sópran og alt. Milli þessarar aukaraddar og tenórs kemur fram samstíg áttund (8//) c hís sem er forboðin í klassískri hljómfræði. Ég strikaði því þessa aukarödd í burt. Til er annað lag (nr. 55) með þessu sama heiti en öðrum texta. Nokkrar breytingar.

- 74 Í landsýn (Af hafi sé ég)  
Stuðst við B08 og Fjólu bls. 19. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Í handritum stendur við þetta lag L sem bendir til að þessi útsetning sé eftir Lundhen hana er ekki að finna í hans frumgögnum. Önnur radds. er í A02. Minniháttar breytingar.
- 75 Bernskuminning (Mín barndómstíð)  
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 4. Studdist við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Lagið er í Des-dúr en Lundh gerir athugasemd neðanmáls um að það myndi hljóma betur í Es-dúr og jafnvel í E-dúr. Frávík eru í textum 1. og 2. erindis. Upphaf 6. vísorðs í 1. erindi er jambískt með aukaatkvæði en í 2. erindinu byrjar 6. vísuorð trókískt. Við leysum það með því að merkja slitna boga milli 1 og 2 í 18. takti. Við lentum í smá erfiðleikum með texta Brynjúlfs á Minna Núpi þar sem mörg afbrigði eru til af honum. Nokkrar breytingar.
- 76.a Röddin (Ég stóð um nótt)  
Staðfest að radds. er eftir Lundh no 6. Þetta lag stendur í Fjólu bls. 17. Þar er laglína fyrir sólórödd skrifuð út sér og radds. í g- og f-lykli. Af einhverjum orsökum ákvað P.Ís að slengja saman laglínunni og undirleiknum í sinni uppskrift. Þetta er ekki svo gott að lesa þar sem nóturnar falla oft alls ekki vel saman. Lagið er því hér skrifað eins og það stendur í Fjólu. Verulega miklar breytingar á 76.a, 76.b og 76.c.
- 76.b Röddin (Ég stóð um nótt)  
Raddsetning P.Ís fyrir einsöng og blandaðan kór. Ég setti inn raddirnar fyrir kórsöng-inn svo hægt væri að nota þetta lag. Þessi raddsetning var P.Ís nr. 77.
- 76.c Röddin (Ég stóð um nótt)  
Raddsetning Sigfúsar Einarssonar fyrir einsöng og karlakór. Ég setti inn uppskiptan texta fyrir kórsönginn svo hægt væri að nota þetta lag.
- 77 Sumarkyrrð (Hallar degi. Sólin síð)  
Var ekki í handriti P.Ís. Þessi 4ra radda raddsetning f. blandaðan kór kemur frá handriti B-18 og B09 þar sem kórpartarnir eru skrifaðir upp. Á þessu nr. var 76.b. Minniháttar breytingar
- 78 Söknuður (Hið hugblíða sumar)  
Studdist við A02 og Fjólu bls. 34. Laglína með frjálsum undirleik, mjög nærri því að vera fyrir 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 79 Sjómenn (Fyrr á öldum)  
Studdist við B08. P.Ís getur þess ekki að þessi raddsetn. er fyrir karlakór. Nokkuð frábrugðin raddsetning í A02. Minniháttar breytingar.
- 80 Hulda (Ég sá í draumi, svarrafljóð)  
Studdist við A02 og B08. P.Ís getur þess ekki að þessi raddsetn. er fyrir karlakór. A08 er greinilega eldra handrit með frávíki í laglínu. Verulegar breytingar.
- 81a Kveðja (Við komum hér glaðir)  
Stuðst við B08 og Fjólu bls. 34. Laglína með frjálsum undirleik. Ég tók nokkra boga frá Fjólu í burt til að miða undirleikinn við píanóleik. Nokkrar breytingar.
- 81b Kveðja (Við komum hér glaðir)  
Stuðddist við B09. Radds. Þórarins Guðmundssonar fyrir einsöng og karlakór. Reyndar eru tvær útgáfur þessa lags í eiginhandarriti Þórarins, annar vegar í As-dúr og hins vegar í F-dúr

sem við fórum eftir, báðar í flokknum B09. Milli 9. og 10. takts kemur fyrir samstígg fimmund milli bassa og tenórs, lagfært. Milli 11. og 12. takts kemur fyrir stökk fimmund milli 1. og bassa og 2. bassa, lagfært. Breytti aðeins nótnagildum kórins í tóktum 9 til 11 þar sem hann syngur með einsöngvaranum og setti inn texta fyrir kórinn. All nokkrar breytingar.

- 82 Hér er bróðir, verk að vinna  
Studdist við B08 og Fjólu bls. 26. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Í Fjólu eru á einum stað bogar sem minna á harmóníumleik, fjarlægði þá. Minniháttar breytingar.
- 83 Dagur (Þá lífs mín fegursta ljós mér skín)  
Studdist við Fjólu bls. 8. Laglína með frjálsum undirleik. Í Fjólu og ritinu Hörpu eru þetta lag með öðrum texta: „Hver fetar svo létt.“ Finnst líka í A02. All nokkrar breytingar.
- 84 Lóan er komin  
Studdist við B10 og Fjólu bls. 6. Fyrstu 8 taktarnir eru raddsetnir fyrir blandaðan kór, næstu 4 taktarnir eru fyrir einsöng með undirleik og síðustu 8 taktarnir eru aftur fyrir kórinn. Nokkrar breytingar.
- 85 Vort fósturland  
Studdist við B08 og Fjólu bls. 18. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Laglína með frjálsum undirleik. Önnur raddsetning í B10.27. All nokkrar breytingar.
- 86 Ég beið þín um kvöld  
Studdist við A02 og Fjólu bls 33. Laglína með frjálsum undirleik. Minniháttar breytingar.
- 87 Vormenn!  
Studdist við B10 og Fjólu bls. 3. 4ra radda blandaður kór. Milli 9. og 10. takts kemur fyrir stökk fimmund hjá bassa og tenór, læt þær standa. Minniháttar breytingar.
- 88 Ó, fögur er vor fósturjörð  
Studdist við B08 og Fjólu bls. 28. Laglína með frjálsum undirleik. Minniháttar breytingar.
- 89 Um löndin þegar líður  
Var ekki í handriti P.Ís. Studdist við ljósritað eintak af frumdrögum Ís.P. Raddsetningin er laglína með frjálsum undirleik. Minniháttar breytingar.  
Á þessu nr. var 50.b.
- 90 Hvað er framorðið  
Studdist við B09. Laglína með frjálsum undirleik, mjög nálægt því að vera fyrir 4ra radda blandaðan kór. Gert fyrir Frímúrararegluna. Töluverðar breytingar.
- 91 Þótt glögg sé ei leiðin  
Studdist við handrit B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Uppbygging textans er 6: 6 6 7 7 7 6. Öll vísuorð í 1. erindi byrja jambískt (þ.e. á veikum upptaktslið) en í 2. erindi byrjar 2. vísuorð trókískt (þ.e. á sterkum taktlið). Í 2. og 3. takti þurfti því að setja inn brotna boga svo að textinn skilaði sér rétt. Minniháttar breytingar.
- 92 Gavotte  
Studdist við B08. Eins og nafnið ber með sér er þetta útsett sem hljóðfæraleikur. Felldi niður alla bogana á öllum hendingum. Nokkrar breytingar.

- 93 Preludium  
Studdist við B08. Eins og nafnið ber með sér er þetta útsetning fyrir hljóðfæraleik og bogarnir sýndu að þetta var skrifað fyrir harmóníum. Ég felldi því niður all marga boga til þess að útsetningin passaði fyrir píanó. Töluverðar breytingar.
- 94 Góð er þér móðir  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08. Þetta erfiljóð er samið í minningu móður Ís.P, Margrétar Gísladóttur 1830-1914. Lagið er skrifað fyrir einsöng með harmóníum undirleik, ég felldi niður bogana að mestu fyrir píanóleik. Í 9. takti koma fyrir samstígar fimmundir milli bassa og sópran sem ég læt standa. Töluverðar breytingar.
- 95 Landnám (Þá Ísland var eyja)  
Studdist við B08. P.Ís skrifar lagið út eins og útsetningu fyrir hljóðfæri en bara með því að breyta stefnu hálsa nótnanna, fella niður nokkra boga og bæta við nokkrum nótum í neðri röddunum varð þetta að radds. f.4ra radda blandaðan kór. Í A02 er að finna aðra raddsetningu með eldri gerð textans. Töluvert miklar breytingar.
- 96 Glóbjört og síhlý  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Breyting á hljómfræði, 7. taktur 4 í tenór: a-h í stað h-h. Í A02 er önnur radds. Nokkrar breytingar.
- 97.a Mars  
Studdist að mestu við B08. Útsetning fyrir hljóðfæraleik með mörgum bogum. Felldi þá niður svo að útsetningin nú fyrir píanó. Frávik í 12. takti en eins í handriti B10. Frá tóktum 19. til 26. eru breytt útsetning og frávik í laglínunni hjá P.Ís miðaða við B08. Skrifvilla hjá P.Ís í 32. taktiá 2og, alt á að vera dís en ekki e (biðtóninn 4-3).Töluverð yfirlega og breytingar.
- 97.b Ísland  
Lag þetta sem byggt er á skjali B-3 er að mestu sama lag eins og 97.a en þó með nokkrum frávikum. Helstu breytingarnar eru að 97.a er skrifað út í 4/4 takti þar sem á mörgum 2. og 4. taktliðum eru punkteraðar 1/8 partsnótur og 1/16 partsnótur en í 97.b sem skrifað er út í 2/4 eru á 2 í flestum tilfellum tvær jafnar 1/8 parts nótur. Nokkrar breytingar.
- 98 Ævintýri sjómannsins  
Studdist við B08. Laglína með frjálsum undirleik með forspili og eftirspili. Í A02 og B08 eru aðrar útsetningar af þessu lagi. Nokkrar breytingar.
- 99 Ég leita þín (eða: Umlaut og hlíð eftir Guðmund Guðmundsson)  
Studdist er við B08. Laglína með frjálsum undirleik. Tók í burtu boga. Ekki sama útsetn. í A02. Nokkrar breytingar.
- 100.a Glaðir sér fuglar  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08. Lag þetta er ýmist í 3/4 eða í 3/8 í þeim handritum sem það stendur í. Raddsetningin í C-dúr er með laglínu í sópran og frjálсан undirleik. Í 12. takti 3 er prentvilla hjá P.Ís í efri röddunum (c/g). Eftir fer-sexundarhljóminná 1 (e/c) á bassatóninum g á að koma upplausn í príhljóminn G-dúr (d/h) á 3 og það er svo í öllum öðrum heimildum. Minniháttar breytingar.



- 100.b Glaðir sér fuglar  
P.Ís hef mjög líklega einnig gert raddsetningu fyrir karlakór í A-dúr á þessu sama lagi sem líklega hefur verið birt með öðrum handskrifuðum nótum. Taktboðinn er 3/4 en lagið er skrifað upp í 3/8. Þess má geta, að í B09 er skrifuð niður raddsetning á þessu sama lagi fyrir karlakór með 3/4 sem takboða.
- 101 Eldgamla Ísafold  
Studdist við B10 og niðurskrift Sigurðar Ísólfssonar í „Bláu bókinni“ 1947. Fyrstu 4 erindin eru sungin eins en í 5. og síðasta erindinu eru 7.-14. taktur sungnir öðru vísi. Raddsetningin er fyrir 4ra radda blandaðan kór. Freysteinn Gunnarsson gerði texta við þetta lag sem notaður er hjá Frímúrarareglunni: „Oft líður hugur heim.“ Þar er þessi breyting á laglínunni ekki með. Töluverðar breytingar.
- 102 Því brástu mér von mín  
Studdist við B08. Laglína með frjálsum undirleik, skrifað fyrir harmóníum. Felldi niður bogana til að gera þetta að útsetningu fyrir píanó. Í A02 er allt önnur 4ra radda radds. við þetta lag. All nokkrar breytingar.
- 103 Sólheitur morgunn  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni.P.Ís skrifar þetta lag í sinni samantekt sem frjálsa radds. neðri raddanna en í B08 eru að finna sérstaklega útskrifaðirkórpartar fyrir 4ra radda blandaðan kór svo ég fór eftir þeim. Töluvert miklar breytingar.
- 104 Útför (Hlotinn er friður)  
Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Textinn er útfararsálmur. Minniháttar breytingar.
- 105 Ég lifi' og ég veit  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni.Studdist við B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Skráð eru 4 erindi úr þessum sálmi. Lagið er skrifað niður í 4/4. Í 1. vísuorði í takti 2 eru í 1. og 2. erindi 10 atkvæði en í 3. og 4. erindi eru 11 atkvæði. Í uppskriftinni á 1.,3. og 4. erindi eru 3. og 4. atkvæði því klofin og bundin með brotnum boga. Í sérstakri uppskrift á 2. erindinu er skrifuð punkteruð hálfnota og fjórðapartsnóta í 2. takti. Önnur uppskrift P.Ís er ekki alveg samhljóma þessari raddsetningu. Verulegar breytingar.
- 106 Nýár (Nú árið er liðið)  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Lagið er í 4/4 f. blandaðan 4ra radda kór í G-dúr. Studdist við B08 í 4/8. Í B08 er önnur raddsetning í B-dúr og í A02 er nokkurn veginn sú sama útsetning í D-dúr. Minniháttar breytingar.
- 107 Móðir (Blessaða móðir)  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni.Studdist við B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 108 Kveldbæn (Án texta)  
Studdist við B08. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni.Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.  
Ljóð eftir Ís.P sem heitir Kveldbæn (Guð faðir, góða nótt)passar alls ekki við þetta lag, en það er við lag nr. 21. Upphaf hvers vísuorðs í því ljóði er trókískt en lagið hér hefur upphaf allra vísuorða jambískt.Töluverð yfirlega en minniháttar breytingar.

- 109 Minning (Að heiman til friðar)  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni.Laglína með frjálsum undirleik. Minniháttar breytingar.
- 110 Vor (Upp til dala áður svalan)  
Studdist við B08. Laglína með frjálsum undirleik harmóníums. Felldi niður bogana til að gera útsetninguna fyrir píanó. Nokkuð sérstakt lag. All nokkrar breytingar.
- 111 Þín líkn, ó drottinn (Barnasöngur)  
Studdist við B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Í B10 er annað lag líka með heitinu Barnasöngur: Nú dagsbrún hinsta dvínar (127). Minniháttar breytingar.
- 112 Þótt fundi slítum hér  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni.Studdist við mikið leiðrétt frumdrög í B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 113 Hve gott og fagurt  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni.Studdist við B10. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Í 14. takti 6. atkvæði skrifar P.Ís í bassa og tenór tóninn gís með áttundar millibili. Þetta er tvöfölduð þríund í 1. hljómhvörfum af E-dúr, þ.e. tvöfölduð þríund í sexundarhljómi sem er ekki leyfilegt. Ég breytti því tenór í tóninn h. Í frumriti Ís.P stendur í 15. takti á 1. atkvæði tónninn fís í tenór. P.Ís breytti honum í gís sem framhald af óleyfilegri tvöföldun þríundar í hljómnnum á undan. Við það skrifar hann á þessu atkvæði IV. sæti sjöundarhljóm sem er töluverð ómstrítt. Miklu algengara er að hafa þennan hljóm í niðurlagi (kadens) lagsins á undan V. sætisem II. sæti sjöundarhljómur með þríund í bassa eins og það stóð hjá Ís.P og því breytti ég þessum tóni. All nokkrar breytingar.
- 114 Friður (án texta)  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni.Studdist við B08. Þar sem það vantar textann þá er erfitt með að segja um hvort þetta sé 4ra radda raddsetning fyrir blandaðan kór, en með því að tengja neðri raddirnar með bogum gæti það vel verið. Ein hljómfræðileg breyting. Í takti 23.1-2 hjá P.Ís er tenór með tvær 1/8 parts nótur h-a en ég breyti þeim í h 1/4 parts nótu. Í handriti P.Ís og í B08 skrifar hann: „Skrifist í A-dúr.“Við það myndi tenór röddin liggja mjög hátt. Nokkrar breytingar.
- 115 Bæn (án texta)  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni.Studdist við A02 og B08. Laglína með frjálsum undirleik. Í stað þess að afmarka hendingarnar með bogum höfum við sett // sem hendingaskil. Verulegar breytingar.
- 116 Til draumalandsins (Vögguvísa: Nú sefur lauf og sumarrós)  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni.Studdist við A02 og leiðréttingum P.Ís í B08. P.Ís getur þess ekki að þetta er raddsetning fyrir karlakór. Í 11. takti eru 5. og 7. atkvæði ólæsileg og það sama á við um 13. takt 3. atkvæði svo ég varð að fara þar eftir öðrum handritum. Í 12. takti 1-3 geri ég hljómfræðilega breytingu. P.Ís skrifar hér tenór sem punkteraður fjórðipartur d og bassi samhljóma sem fjórðipartur d. Á 1. til 4. atkvæðis fer bassinn á 3. atkvæði sem skiptinóta niður á cís sem þýðir að þá hljómar saman cís-d-g-h sem er mjög ómstrítt þó svo að það sé á áherslulausu atkvæði. Betra er að láta tenór koma á 3. atkvæðinu með skiptinótuna e. Verulegar breytingar.

- 117 Bending (Gleði æskuáranna)  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08. Radds. f. 4ra radda blandaðan kór. Minniháttar breytingar.
- 118 Sægyðjan (Ég vildi helst hvíla)  
Studdist við B08.3. Laglína með frjálsum undirleik. Tók í burt töluvert af bogum. Lagið er öðru vísi í B08.1. Nokkrar breytingar.
- 119 Án titils  
Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Studdist við B08. Laglína með frjálsum undirleik sem er mjög nálægt því að vera fyrir 4ra radda blandaðan kór en ekki er hægt að sjá það þar sem það vantar textann. Minniháttar breytingar.
- 120 Einbúinn  
Studdist við B08. Radds. 4ra radda f. blandaðan kór. Í 5. takti á 4. og atkvæði skrifar P.Ís 1/16 parts nótu í tenór c sem er augljós prentvilla. Hér á að standa 1/16 parts nóta d. Minniháttar breytingar.
- 121 Stóð ég á bergi  
Studdist við B08. Staðfest að P.Ís hefur farið yfir frumgögn Ís.P og breytt útsetningunni. Laglína með frjálsum undirleik með mikið af bogum. Hreinsaði þá í burt. Í 10. takti kemur fyrir milli bassa og tenórs samstíð áherslufimmund og í 14. takti það sama. Lét það standa. Verulegar breytingar.
- 122.a Vögguvísa (Sofðu, góða barnið blíða)  
Studdist við B08. Hrynháttur leiðréttur í 1. og 3. takti forspilsins skv. gögnum frá Ís.P. Radds. f. einsöng með undirleik harmóníums, mikið af bogum. Hreinsaði þá út svo nú er raddsetningin gerð fyrir píanó. Í A02 er önnur raddsetning yfirfarin af P.Ís. Ís.P breytti þessum texta sem upprunalega var Sofðu, sofðu .... í Sofðu, góða ... . Nokkrar breytingar.
- 122.b Vögguvísa (Sofðu, góða barnið blíða)  
P.Ís hef mjög líklega gert þessa radds. f. einsöng og blandaðan kór í D-dúr á þessu sama lagi sem líklega hefur verið birt með öðrum álíka handskrifuðum nótum.  
Í þessu skjali sem birt er sem B09 er titillinn Sofðu, sofðu barnið blíða en í öðru handriti breytir hann textanum í Sofðu, góða barnið blíða. Minniháttar breytingar.
- 123 Hekla  
Þetta er eitt viðamesta verk Ís.P, radds. f. tenór og karlakór með píanóundirleik. Draga má þá ályktun að Sigurður Þórðarson hafi gert hana. Til er handskrifað eintak af þessu tónverki sem farið var eftir við niðurskrift þess á tölvutækt form. Nokkrar breytingar.
- 123.a.b.c og .d Hekla.  
Þessar vinnunótur virðast eiga við um tónverkið Hekla nr. 123. Í uppskrift á þessum lögum studdist Gylfi við eiginhandarrit Ís.P sem merkt er III. b. Þar sem ég fékk ekki nein frumgögn í hendurnar eru þessi þrjú blöð ekki prófarkalesin. Minniháttar breytingar.
- 123.e.f og .g Hekla  
Þessar vinnunótur virðast líka eiga við um tónverkið Hekla nr. 123. Í handritasafni P.Ís eru þær að finna í handritum B10 sem ég fór eftir. Minniháttar breytingar.

- 124 Sorgin (Án texta)  
Þetta eru drög að tónsmíð. Þessi ófullgerða 4ra radda útsetning fyrir píanó eða harmóníum er hjá Lundh no. 8 en það er strikað yfir hana. Í nokkrum tilfellum var skráð dagsetning inn á blöð Lundhs og á þessu blaði stendur 09. 10. 1900. Líklega eiga þessar dagsetningar við um það hvenær Ís.P hefur samið þessi lög. Ís.P hefur sjálfur afritað þessa raddsetningu Lundhs, skjal B10 og hana er líka að finna á einu af þessum af þremur gulu blöðum með handskrifuðum nótum sem ekki er vitað hver gerði. Eftir 7 takta forspil kemur lagið sjálft. Í 8. takti kemur fyrir í útsetningu Lundhs samstígg áttund (//8) milli bassa og tenórs. Á gula blaðinu er því breytt þannig að í stað þess myndast stækkuð 2-und (stæ2) í tenór: d -ces. Ég leyfi þeirri breytingu að standa.  
Milli 13. og 14. takts verður til samstígg hrein fimmund (//5) á milli bassa og tenórs.  
Milli 16. og 17. takts verður til samstígg hrein áttund (//8) á milli bassa og tenórs, þar að auki eru allar raddir samstíggar. Þessar samstíggur gætu hafa verið ástæða þess að Lundh strikaði yfir þessa útsetningu. Töluverð yfirlega.
- 125 Til gleðinnar I  
Þetta eru drög að tónsmíð. Stuðst er við skjal B-19 og eitt af þremur blöðum með handskrifuðum nótum sem ekki er vitað hver gerði en virðist vera hreinskrift af B-19. Minniháttar breytingar.
- 126 Til gleðinnar II  
Þetta eru drög að tónsmíð. Stuðst er við skjal B-20 og eitt af þremur blöðum með handskrifuðum nótum sem ekki er vitað hver gerði.  
Lagið er í 4/4. Í 2. takti á milli 3. og 4. atkvæðis verður til samstígg fimmund (//5) milli bassa og alts og sama samstíggja verður til í 10. takti á milli 3. og 4. atkvæðis.  
Einnig eru til eldri raddsetning sem Ís.P hefur sjálfur gert. Töluvert miklar breytingar.
- 127.a Nú dagsbrún hinsta dvínar  
Samkvæmt frumgagni B-7. Raddsetningin er fyrir karlakór. Minniháttar breytingar.
- 127.b (Ó, kom þú drottinn kæri)  
Samkvæmt frumgagni nr. B-31. Studdist við B08. Hér vísar Ís.P. í texta sem hann segir vera eftir Ólaf Gíslason í Grimsby, „Ó, kom þú drottinn kæri,“ en hann hefur ekki fundist. Þessi raddsetningin er líka fyrir karlakór eins og 127.a en er nokkuð frábrugðin í 5. og 6. takti svo við birtum þessa raddsetningu líka með textanum frá 127.a. Minniháttar breytingar.
- 128 Þér heill sé foldin fríða (Án texta)  
Alls eru til 4frumgögn Ís.P að þessu lag, tvö merkt B08 í A-dúr og tvö merkt B10 í As-dúr. Inn á seinna blaðið í B10 er skrifað „ætti að vera í A eða G dúr“ svo við erum líka með þetta lag í A-dúr. Á fylgiblaði standa þessi orð Ís.P.: „Þetta ljetta og stutta lag er ætlað fyrir ferða vísur þeirra sem ljetta sér upp á sumardag til að finna vini sína og dáðst að náttúrufegurð lands vors í sumarblíðunni.“ Raddsetningin er laglína með frjálsum undirleik, en með mjög litlum breytingum væri hægt að gera þetta að fjögura radda raddsetningu ef þessi texti finndist. Skipting vísuorða gæti verið: 4: 7 6 7 6. Minniháttar breytingar.
- 129 Nú fram til starfa þér frjálsum menn (Án texta)  
Samkvæmt frumgögnum B-8 og B08 en fyrst og fremst eftir vandaðri uppskrift B10. Raddsetning fyrir karlakór. Hér vísar Ís.P í texta sem ekki hefur fundist. Skipting vísuorða: 10: 9 8 9 8 8 8 8 8 6 6. Minniháttar breytingar.
- 130 Rökkur (fantasía)  
Studdist við tvö skjöl merkt A02, reyndar er strikað yfir annað þeirra og einnig við ljósrit

með hendi Ís.P. Endanleg gerð er sett saman úr öllum heimildunum og bundnar samhljóma fjórðapartsnótur eru gerðar að hálfnotum. Í 29 og 30 takti koma fyrir áhersluáttundir á 1. Í tóktum 34-36 er laglínutónninn g bundinn til enda í handritunum, en þar sem hér er gert ráð fyrir að lagið sé frekar spilað á píanó en á harmóníum læt ég slá g-tóninn aftur í 35 takti. Töluvert mikil yfirlega.

131 Vetur

Studdist við skjal B08. Einnig er til frumgagn B-28 en alls ekki er auðvelt að lesa úr þeim nótum. Útsetningin er fyrir hljóðfæri, laglína með frjálsum undirleik. Á bls. 3 koma tvö hljómfræðileg atriði fram, annars vegar er í 3. línu 9. takti óuppleyst sjöund í tenór og hins vegar kemur fram í 5. línu milli 7. og 8. takts í bassa og tenór samstígg opinn fimmund (//5). Í 5. línu á bls. 3 eru 4. til 6. taktar skifaðir þannig að ekki er hægt að ná gripunum í hendurnar. Töluvert yfirlega.

132 Sumar

Eina heimildin fyrir þessu lagi er B10. Útsetningin virðist vera fyrir hljóðfæri, laglína með frjálsum undirleik. Á 1. blaðsíðu milli 2. og 3. takts kemur fyrir samstígg áttund (//8) milli tenórs og bassa og samstígg fimmund (//5) á milli undirraddanna og altsins. Í 7. takti 4-6 kemur fyrir samstígg fimmund (//5) milli bassa og sóprans. Milli 10 og 11. takts kemur fyrir samstígg áttund (//8) milli tenórs og bassa. Í 11. takti 1 er greinileg prentvilla hjá Ís.P, hann skrifar g í efri-altrödd en nótan á að vera fí (H-dúr). Í 5. línu 2. og 3. takti er griptæknilega ekki hægt að spila allar nóturnar. Í sömu línu er kadensinn á 5. takti nokkuð óvenjulegur. Þessi raddsetning er mjög snúin og það þurfti mikið til að koma henni heim og saman. Töluvert yfirlega og miklar breytingar.

133 Andvarp

Eina heimildin fyrir þessu lagi er nokkuð læsilegt ljósritað frumgagn með hendi Ís.P. 4ra radda radds. f. blandaðan kór. Minniháttar breytingar.

134 Ég man þá tíð

Aðeins er til eitt frumgagn, B10, sem ég fór eftir. Þetta er eina lag Ís.P þar sem koma fyrir synkópur. Laglína með frjálsum undirleik. Í 4. takti á 4og yfir á 5. takt á 1 eru í tenór minnkuð fimmund - hrein fimmund sem eru ekki leyfðar samstíggar fimmundir (//5). Nokkrar breytingar.

135 Mignon

Aðeins er til eitt frumgagn, B10, sem ég fór eftir. Þetta virðast vera forspil og millispila að leikþætti, útsett fyrir píanó. Laglína með frjálsum undirleik. Minniháttar breytingar.

136 Ég er kominn til að kveðja

Eina heimildin fyrir þessu lagi er ljósritað frumgagn með hendi Ís.P sem mjög erfitt er að lesa. 4ra radda frjáls raddsetning, mjög líklega fyrir hljóðfæri. Töluvert mikil yfirlega.

137 Hvöt

Eina heimildin fyrir þessu lagi er ljósritað frumgagn með hendi Ís.P. Þetta eru greinilega drög að lagi sem ætlað var fyrir einsöng (8 taktar) og kór (4 taktar). Við skrifuðum því kórþáttinn út sem 4ra radda raddsetningu fyrir blandaðan kór. Hljómfræðilega stenst þessi útskrift Ís.P nema í 7. takti 4 þar sem laglínan e - a í 2x 1/8 parts nótum kemur á eftir F-dúr hljómi með g í laglínu. Í 4. takti 3 í kórþættinum breyti ég tenór úr g í c til að fá betri víðan hljóm og í 6. takti og síðasta takti bæti ég við nótunni h 1/8 á 2. takthluta þar sem hann kemur í frumritinu inn á 2-og. Töluvert yfirlega.

- 138 Hnigin sól er að sæ  
Raddsetning fyrir karlakór. Í ljósrituðum frumgögnum Ís.P eru tvær aðeins mismunandi gerðir af þessu lagi og því hef ég farið eftir þeim báðum. Texti lagsins hefur ekki fundist. Draga má þá ályktun að skipting textans hafi verið 5: 9 9 9 8 7 og fer ég eftir því í skiptingu á fjórðapörtum og bogum. Breytingar á hljómfraði geri ég í 13. takti 2 þegar ég bæti við g 1/4 parts nótu í 1. bassa og í 15. takti 2 í 2. tenór þegar ég geri h að 1/4 nótu en ekki 2x 1/8 nótur h g þar sem g passar ekki inn í hljóminn. Töluverðar breytingar.
- 139 Nú kveður harpa himnamál  
Studdist við handrit B09, frumdrög með hendi Ís.P. Ekki hefur tekist að finna textann sem hann vísar í með þessu nafni. Engar breytingar.
- 140 Vorkveld/Vorkvöld  
Eina heimildirnar fyrir þessu lagi eru tvö ljósrituð frumgögn með hendi Ís.P, í öðru þeirra er bara 9 taktar af laglínunni og Coda. Mjög erfitt er að greina nóturnar en hægt var að koma laglínunni saman með báðum handritunum. Hljómfraðilega stenst þessi útskrift Ís.P að mestu. Taktboðinn er 6/8. Með jambískum upptakti í hverju vísuorði er skipting textans 4: 9 9 9 9 en hann passa ekki vel við hrynhátt lagsins skv. takboðanum. Í fyrstu 8 tóktunum koma áherslulaus atkvæði textans á áhersluliði tónlistarinnar og áherslur í textanum koma á áherslulausa liði tónlistarinnar. Í seinni 8 tóktum lagsins er skipting textans 4: 6 6 6 6 með trókísku upphafi. Ís.P hefur ekki lokið við þann hluta ljóðsins. Á eftir kemur svo Coda, 5 taktar með jambísku upphafi án texta. Í 7. takti 1-3 kemur það sem virðist vera tómur hljómur á d (1 og 5), þar sem mjög erfitt er að lesa það sem þar stendur bæti ég við nóttunni ffs (3) svo úr verður D-dúr þríhljómur. Töluverð yfirlega.
- 141 Frón (Það eitt sem oss bindur)  
Eina heimildin fyrir þessu lagi er ljósritað frumgagn með hendi Ís.P. Hljómfraðilega stenst þessi útskrift Ís.P að mestu. Í 4. takti 3-4 skrifar Ís.P tóninn e í bassa sem er fimmundarstaða A-dúr hljóms, (fer-sexundarhljómur). Ég tók það í burtu svo hljómurinn stæði í eðlilegri grunnstöðu (a í bassa). Í 14. takti kemur samtíg fimmund (/5) í undirleiknum. Minniháttar breytingar.
- 142 Við bjargið gráa  
Stuðst er við 3 ljósrít af frumdrögum Ís.P. Mjög erfitt að lesa þau. Í einu þeirra er takboðinn 6/8 en í tveimur þeirra er hann 3/4 sem við förum eftir. Í 1. takti 2 breyti ég þríhljómnunum g-h-h (tvöfölduð þríund) í g-h-d (fullkominn G-dúr þríhljómur). Í 6. takti 1 breyti ég hljómi á orðinu „blá-“ frá h/c (hljómlausu) í G-dúr út frá laglínutóninum. Í 7. takti 3 skrifar Ís.P á bassatóninn d sjöund í tenór, í alt g-fís (4 -3: biðtónn) og í sópran h-a (6-5). Ég breytti því altinum í 1/4 ffs til að fá ekki of ómstríðan hljóm (1-4-6-7) á áhersluatkvæði. Á eftir greinarskilunum í 4. línu koma tveir síðustu taktarnir einradda með öðrum endi í einu skjalinu. Í einu frumgagni Ís.P skrifar hann texta lagsins út og breytir eftirá textanum í 1. og 2. erindi. Töluverð yfirlega.
- 143 Maí rennur sól úr sævi  
Frumdrög Ís.P í ljósríti, eingöngu laglínán. Í heiti lagsins vitnar Ís.P í ljóðið 1. maí eftir Jón Thoroddsen, en áherslur ljóðsins og lagsins passa engan veginn saman. Minniháttar breytingar.
- 144 Upp til fjalla  
Frumdrög Ís.P í ljósríti, eingöngu laglínán. Ekki er vitað í hvaða texta hann vitnar, en bragarhátturinn gæti hafa verið 4: 8 7 8 7. Minniháttar breytingar.

# Höfundar texta og raddsetninga

# Textahöfundar

| Höfundur                          | Titill  | Nr  | Bls |
|-----------------------------------|---|-----|-----|
| Bjarni Thorarensen.....           | Ísland (Þú nafnkunna landið).....                       | 38  | 52  |
| Bjarni Thorarensen.....           | Eldgamla Ísafold .....                                  | 101 | 148 |
